

Efnisyfirlit

Lykiltölur úr rekstri	3
Ávarp stjórnarformanns	4
Ávarp forstjóra	5
VÍS árið 2013 - Tímalína	6
Framkvæmdastjórn	8
Reksturinn	10
Afkoma váttryggingagreina	11
Fjárfestingar	12
Efnahagsumhverfið	13
Skráning á markað	14
Starfsemin	15
Samfélagsábyrgð VÍS	21
Stjórnarháttayfirlýsing	28
Ársreikningur 2013	37
Skýrsla stjórnar og forstjóra	38
Áritun óháðs endurskoðanda	39
Rekstrarreikningur	40
Efnahagsreikningur	41
Eiginfjáryfirlit	42
Sjóðstreymisyfirlit	43
Skýringar	44
Orðskýringar	73

Lykiltölur úr rekstri

	2013	2012	2011	2010	2009
Bókfærð iðgjöld	16.074	16.105	15.480	14.986	14.498
Iðgjöld ársins	16.090	16.460	15.560	14.873	14.265
Fjárfestingatekjur af váttr.rekstri	1.176	1.112	924	1.135	1.536
Aðrar tekjur af váttryggingarekstri	155	132	116	98	91
Tjón ársins	-12.667	-12.113	-12.772	-11.977	-12.274
Rekstrarkostnaður	-3.436	-3.550	-3.245	-2.912	-2.753
Endurtryggingakostnaður	362	-544	-488	-398	-261
Hagnaður af váttryggingarekstri	1.679	1.497	95	819	604
Hagnaður (tap) af fjármálastarfsemi	876	2.185	524	-507	668
Skattar	-402	-950	-208	-108	-108
Hagnaður eftir skatta	2.154	2.732	411	204	1.164
Hagnaður af aflagðri starfsemi		293	-3		
Heildarafkoma	2.154	3.025	408	204	1.164
Eigið fé	16.624	14.470	11.584	11.146	10.942
Váttryggingaskuld	27.083	26.204	24.792	22.615	21.696
Aðrar skuldir	2.547	2.778	1.814	1.338	1.039
Eigið fé og skuldir samtals	46.254	43.452	38.190	35.099	33.677
Tjónahlutfall	78,7%	73,6%	82,1%	80,5%	86,1%
Eigið tjónahlutfall	75,5%	75,6%	83,0%	80,3%	85,3%
Kostnaðarhlutfall	21,4%	21,6%	20,8%	19,6%	19,3%
Endurtryggingakostnaðarhlutfall	-2,3%	3,3%	3,1%	2,7%	1,8%
Samsett hlutfall	97,8%	98,5%	106,0%	102,8%	107,3%
Fjárfestingatekjur og aðrar tekjur, hlutfall	8,3%	7,6%	6,6%	8,3%	11,4%
Rekstrarhlutfall	90,4%	91,5%	99,4%	94,9%	96,3%
Eigin váttryggingaskuld / Eigin iðgjöld	166,4%	161,6%	161,1%	154,8%	154,8%
Eiginfjár hlutfall	35,9%	33,3%	30,3%	31,8%	32,5%
Arðsemi eiginfjár	13,9%	23,2%	3,6%	1,8%	11,2%
Eigið fé samstæðu	16.624	14.470	11.584	11.146	10.942
Gjaldþol samstæðu	13.854	13.466	10.712	9.819	9.405
Lágmarksgjaldþol samstæðu	3.707	3.569	3.058	2.908	2.595
Gjaldþolshlutfall samstæðu	3,7	3,8	3,5	3,4	3,6
Gjaldþolshlutfall móðurfélags	4,8	4,9	3,8	3,8	4,2

Fjárhæðir í milljónum króna

Ávarp stjórnarformanns



Friðrik Hallbjörn Karlsson
stjórnarformaður

Rekstur VÍS árið 2013 gekk vel og var um margt sögulegur. Hagnaður eftir skatta nam 2.154 milljónum króna og eins og árið áður skiluðu bæði tryggingastarfsemin og fjárfestingastarfsemin hagnaði. Efnahagur VÍS hefur sjaldan verið traustari. Heildareignir samstæðunnar í lok árs 2013 voru rúmir 46 milljarðar króna. Vaxtaberandi eignir námu rúmum 41 milljarði og eigið fé samstæðunnar var tæpir 17 milljarðar króna. Vátryggingaskuld VÍS er auk þess mjög traust eða sem nemur rúmum 27 milljörðum og hækkaði um tæpan milljarð þrátt fyrir örlítinn samdrátt í eigin iðgjöldum. Vaxtaberandi skuldir VÍS voru engar eins og vera ber hjá tryggingafélagi.

Fjárfestingastarfsemi gekk vel á árinu þótt henni séu settar ákveðnar skorður vegna gjaldeyrishafta og möguleikar félagsins til ávöxtunar fjáreigna minni fyrir vikið. Þróun skuldabréfamarkaða hefur þar af leiðandi mikið að segja um afkomuna. VÍS er þátttakandi á íslenska hlutabréfamarkaðnum og gekk sá hluti starfseminnar vel. Í kjölfar hækkunar á hlutabréfamarkaðnum hefur skapast nokkur umræða um bólu-myndun. Í því sambandi verður að hafa í huga að hlutabréfamarkaðurinn á Íslandi er að ná sér á strik eftir algjört hrún. Þá hafa markaðir í kringum okkur sumir hverjir hækkað álíka mikið og sá íslenski. Nýskráningar á næstunni stækka jafnframt markaðinn og auka vægi hans í samanburði við skuldabréfamarkaðinn sem er jákvæð þróun.

Það er af sem áður var þegar íslensk tryggingafélög byggðu afkomu sína alfarið á fjárfestingastarfsemi en ráku tryggingahlutann með tapi. Núverandi fyrirkomulag er í alla staði mun eðlilegra en ómögulegt er þó að fullyrða að varanleg breyting hafi orðið á markaðnum. Langtímamarkmið VÍS er að viðhalda traustum rekstri tryggingastarfseminnar, óháð stöðu efnahagsmála eða hvernig árar á hlutabréfa- og skuldabréfamarkaði.

Eins og fyrr segir stendur efnahagur VÍS mjög traustum fótum. Gjaldþolið nam 3,74 í lok árs, samsetta hlutfallið var 97,8% og hlutfall eigin tjónaskuldar á móti eigin iðgjöldum 1,32. Vátryggingaskuld nam 27.083 milljónum króna og eignir til jöfnunar hennar voru á sama tíma 40.745 milljónir króna. VÍS er arðgreiðslufélag og í samræmi við það leggur stjórnin til að hluthafar fái greiddan arð sem nemur um kr. 0,73 á hlut fyrir árið 2013. Heildarfjárhæð arðgreiðslunnar er 1.831 milljón króna sem samsvarar 85% af hagnaði ársins.

Viðburðaríkt ár

Að baki er viðburðaríkt ár í sögu VÍS þar sem vel heppnuð skráning hlutabréfa fyrirtækisins á Aðalmarkað NASDAQ OMX Iceland í apríl bar hæst. Í upphafi voru hluthafar tæplega 5.000 en við áramót hafði þeim fækkað í um 1.300. Við erum ánægð með viðtökurnar og ekki er síður ánægjulegt að leggja lóð á vogar-skálarnar til að endurvinnna traust á íslenskum hlutabréfamarkaði.

Stjórnendur félagsins leggja mikla áherslu á að vera í góðum samskiptum við hluthafa og markaðinn. Meðal annars með því að veita tímanlegar og traustar upplýsingar um rekstur og stöðu félagsins og halda reglulega opna fjárfestafundi eða funda með markaðsaðilum á öðrum vettvangi. Jafnframt geta hluthafar verið í sambandi við stjórn félagsins á hlutahafafundum og sent fyrirspurnir til stjórnar á netfangið: stjorn@vis.is.

Í janúar 2016 gengur í gildi ný vátryggingalöggjöf, Solvency II. Í samræmi við áherslur FME hefur verið unnið markvisst að undirbúningi að innleiðingu hennar. Markmiðið er að VÍS uppfylli allar þær kröfur sem löggjöfin gerir þegar hún tekur gildi og telur félagið margvísleg tækifæri felast í þessu til að bæta áhættumat og rekstur enn frekar.

VÍS fékk fyrir skemmstu viðurkenningu sem fyrirmyndar fyrirtæki í góðum stjórnarháttum í kjölfar ítarlegrar úttektar á stjórnarháttum félagsins sem unnin var af Deloitte ehf. Í umsögn Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti við Háskóla Íslands segir að úttektin gefi skýra mynd af stjórnarháttum VÍS og bendi til þess að VÍS geti að mörgu leyti verið öðrum fyrirtækjum til fyrirmyndar á þessu sviði. Þessu erum við stolt af líkt og fjölmörgum öðrum viðurkenningum sem VÍS hefur hlotnast síðustu mánuði.

Ég vil færa meðstjórnendum mínum, forstjóra og stjórnendum VÍS þakkir fyrir gott og árangursríkt samstarf á árinu. Starfsmönnum VÍS um land allt færi ég einnig bestu þakkar stjórnar fyrir frábær störf.

Ávarp forstjóra

Rekstur félagsins gekk vel á árinu 2013 og nam hagnaður samtals tæpum 2,2 milljörðum króna eða sem samsvarar um 13,9% arðsemi á eigið fé. Báðar meginstoðir starfseminnar, váttryggingastarfsemi og fjárfestingastarfsemi, skiluðu ágætum hagnaði. Samsett hlutfall félagsins þróaðist með jákvæðum hætti, var 97,8% og lækkar frá fyrra ári úr 98,5%. Þetta er annað árið í röð sem það er undir 100% sem er mjög ánægjulegur árangur. Afkoma stöku váttryggingagreina er þó ekki viðunandi og krefst frekari vinnu að snúa því til betri vegar. Einkum á þetta við um slysa- og sjúkratryggingar og ábyrgðartryggingar. Þótt afkoma lögboðinna ökutækjatrýgginga hafi batnað frá árinu áður er hún enn undir væntingum. Markmiðið er að allar váttryggingagreinar skili jákvæðri afkomu með betri heildararðsemi að leiðarljósi.

VÍS er stærsta váttryggingafélag landsins með um þriðjungs markaðshlutdeild. Markaðurinn óx lítið sem ekkert á árinu og samkeppnin var hörð. Markmið félagsins um að bæta arðsemi váttryggingarekstursins, meðal annars með skilvirkara áhættumati og verðlagningu, hefur þýtt að hlutdeildin hefur minnkað aðeins og iðgjöld dregist lítillega saman. Líkt og stefnt var að tókst að lækka rekstrarkostnað og kostnaðarhlutfall félagsins á árinu. Kostnaðurinn lækkaði um 110 milljónir króna, nam 3.934 milljónum króna og kostnaðarhlutfallið var 21,4%.

Fjárfestingar

Fjárfestingastarfsemin gekk ágætlega og var ávöxtun eignasafnsins viðunandi við krefjandi markaðsaðstæður. Undanfarin misseri hefur fjárfestingatækifærum fjölgað nokkuð bæði á skuldabréfamarkaði og hlutabréfamarkaði. Betur má þó ef duga skal enda kostirnir takmarkaðri en æskilegt er vegna hafta. Með þátttöku í nokkrum framtaks- og fjárfestingasjóðum hefur VÍS átt hlut að mörgum stórum fjárfestingum undanfarin tvö ár.

VÍS ber skylda til að gæta fjár viðskiptavina af mikilli kostgæfni og ávaxta með öruggum hætti. Til að sinna því sem best hafa allar fjárfestingar félagsins undanfarin þrjú ár verið gerðar í samræmi við skilgreindar verklagsreglur og ferla og í samræmi við fjárfestingastefnu og áhættuvilja félagsins. Stefnan er endurskoðuð að minnsta kosti einu sinni á ári og samþykkt af stjórn.

Árangursrik stefnumótun

Við erum stolt af því að ár eftir ár mælist starfsánægja og starfsandi hjá VÍS með því besta sem gerist á landinu. Starfsfólk er með í ráðum við stefnumótun félagsins og tekur virkan þátt í yfirferð hennar og aðlögun á hverju ári. Grunnur núverandi stefnu var lagður árið 2012 þegar áherslum var breytt og nýtt merki félagsins tekið upp í tengslum við það. Horft var fimm ár fram í tímann og er markað nú sem þá sett hátt.

Markvisst er unnið að því að bæta arðsemi félagsins til langs tíma. Einn liður í því er innleiðing straumlínu-stjórnunar eða „LEAN“ hugmyndafræðinnar, sem hófst á árinu. Hún felur í sér að einfalda alla starfsemi eftir föngum og auka skilvirkni með því markmiði að auka ánægju viðskiptavina af þjónustu félagsins og virði hennar fyrir þá. Við ætlum að gera VÍS að fyrirmyndar tryggingafélagi í einu og öllu og lítum því óhikað til þess sem vel er gert hjá öðrum, bæði hér heima og erlendis og tileinkum okkur ef við á. VÍS er að því leytinu til lærdómsfyrirtæki og lagt er upp með að við getum alltaf gert betur.

Traust og trúverðugt

VÍS stendur á traustum grunni þrátt fyrir efnahagsvendingar undanfarinna ára. Skráning félagsins í Kauphöll Íslands gekk vel og móttökur markaðarins hafa verið mjög góðar. Dreift eignarhald er ákjósanlegt fyrir tryggingafélag eins og VÍS og það styrkir okkur í að rækta, byggja upp og viðhalda góðu langtímasambandi við viðskiptavininn okkar. Við leggjum áherslu á traust sem er grunnur að góðu sambandi hvort sem í hlut eiga viðskiptavinir, starfsfólk, hluthafar eða samfélagið sem við störfum í. Það er heiður að fá að taka þátt í að byggja upp íslenskan hlutabréfamarkað á ný og stuðla að endurnýjuðu trausti á honum.

Árið var krefjandi og skemmtilegt þótt það reyndi stundum á okkar öflugu liðsheild. Þessi reynslumiklli hópur hefur sýnt sínar bestu hliðar, tekið nýjungum opnum örmum og sýnt í verki að saman náum við árangri. Ég vil færa frábæru starfsfólki VÍS og stjórn bestu þakkir fyrir gott samstarf.



Sigrún Ragna Ólafsdóttir
forstjóri

VÍS árið 2013



VÍS á markað

VÍS var skráð á Aðalmarkað NASDAQ OMX Iceland hf. 24. apríl eftir vel heppnað útboð. Viðtökur markaðarins voru góðar og hækkaði verð hluta um 16% á fyrsta degi.



VÍS mót Próttar

Yfir 2.000 börn tóku þátt í árlegu VÍS móti Próttar í knattspyrnu í Laugardal í Reykjavík.



Flotgallar

Árlega fær Slysavarnaskóli sjómanna 10 björgunargalla að gjöf frá VÍS.

Forvarnaráðstefna

VÍS og Vinnueftirlitið efna árlega til forvarnaráðstefnu um öryggismál á vinnustöðum sem er fjölsóttasti viðburður sinnar tegundar á landinu.

Janúar

Febrúar

Mars

Apríl

Maí

Júní



Framúrskarandi
fyrirtæki 2013



Ný stjórn VÍS

Ný stjórn var kjörin í kjölfar skráningar í Kauphöll og eru konur nú í fyrsta sinn í meirihluta hennar.

Ég lofa

Hátt í 3.000 vegfarendur tóku þátt í viðburðinum **Ég lofa** með því að lofa sjálfum sér og öðrum að bæta eitthvað í sínu fari í umferðinni og stuðla þannig að meira umferðaröryggi.

Sumarbústaðatrygging

Með sérhannaðri sumarbústaðatryggingu voru allar tryggingar sem lúta að sumarbústöðum sameinaðar í eina.



Golfmót VÍS

Um 100 kylfingar reyndu með sér á golfmóti VÍS á Korpuvelli.



Allt getur gerst

Við vitum að allt getur gerst er yfirskrift auglýsingaherferðar sem sló í gegn og færði VÍS tvenn verðlaun fyrir bestu auglýsingar ársins.



Rafhlöður

Á aðventunni var viðskiptavinum boðið að sækja sér rafhlöðu í reykskynjara.

Mitt VÍS

Á vefnum undir Mitt VÍS hafa viðskiptavinir sitt eigið heimasvæði þar sem þeir geta fengið heildarsýn yfir öll tryggingamál sín með einföldum og fljótlegum hætti hvenær sem er.

Júlí

Ágúst

September

Október

Nóvember

Desember



VÍS og Vilborg Arna

Vilborg Arna Gissurardóttir ævintýrakona samdi við VÍS um að koma fram fyrir hönd fyrirtækisins og miðla af reynslu sinni um mikilvægi forvarna. Allir geta samsamað sig hennar meginmarkmiði; að koma heil heim.



Skinandi skemmtilegar húfur

Þriðja árið í röð bauðst viðskiptavinum með F plús að næla sér í skinandi skemmtilega húfu á næstu þjónustuskrifstofu. Samhliða voru VÍS fréttir sendar til allra viðskiptavina með F plús.



VÍS á Facebook

Facebook síða var tekin í notkun undir lok árs þar sem fréttum og fróðleik er miðlað til áhugasamra.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn félagsins er skipuð forstjóra ásamt framkvæmdastjórum sem hver ber ábyrgð á tilteknu sviði gagnvart forstjóra.

Sigrún Ragna Ólafsdóttir er forstjóri VÍS



Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri VÍS er fædd 1963. Cand. Oecon frá Háskóla Íslands árið 1987, löggiltur endurskoðandi árið 1990. MBA frá Háskólanum í Reykjavík 2007. Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga: Múlaberg ehf. (stjórnarmaður), SVÍV ses. (meðstjórnandi), Viðskiptaráð Íslands (varaformaður), Samtök fjármálafyrirtækja (varaformaður).

Forstjóri VÍS og Lífis frá september 2011. Hún var framkvæmdastjóri fjármálasviðs Íslandsbanka frá 2010, framkvæmdastjóri Fjármála og reksturs hjá Íslandsbanka frá stofnun hans í október 2008, forstöðumaður fjárhagssviðs Glitnis banka frá 2007, endurskoðandi hjá Deloitte frá 1986 og meðeigandi frá 1992 til 2007.

Agnar Óskarsson er framkvæmdastjóri tjónasviðs



Agnar er fæddur 1963. B.A. próf frá Háskóla Íslands í félags- og fjölmiðlafræði árið 1987. MBA frá Háskólanum í Reykjavík 2008. Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga: Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. (meðstjórnandi)

Framkvæmdastjóri tjónasviðs VÍS hf. frá 2008, framkvæmdastjóri váttryggingaþjónustu frá 2006. Agnar hóf störf hjá VÍS árið 1990 þá við bíla- og eignatryggingar. Var deildarstjóri sjótrygginga, fyrirtækjaþjónustu og stofnstýringar. Áður en hann hóf störf hjá VÍS starfaði hann við blaðamennsku frá 1987.

Anna Rós Ívarsdóttir er framkvæmdastjóri mannauðssviðs



Anna Rós er fædd 1977. B.A. í sálfræði frá Háskóla Íslands árið 2001. Á ekki sæti í stjórnnum félaga.

Framkvæmdastjóri mannauðssviðs VÍS hf. frá 2006. Anna Rós hóf störf hjá VÍS 1999 fyrst við sölu- og þjónustustörf en síðan á starfsmannasviði sem sérfræðingur 2001 – 2005 og árin 2005 og 2006 sem forstöðumaður almannatengsla og aðstoðarmaður forstjóra.

Auður Björk Guðmundsdóttir er framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs



Auður Björk er fædd 1966. B.A. í fjölmiðla- og markaðsfræði frá University of South Alabama 1993, MBA frá Háskólanum í Reykjavík 2002. Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga: Jata eignarhaldsfélag ehf. (meðstjórnandi), Bresk-íslenska viðskiptaráðið (stjórnarmaður).

Framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs VÍS frá 2014, framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs VÍS frá 2005, deildarstjóri kynningardeildar Olíufélagsins ehf. frá 2002, markaðsstjóri Frjálsrar fjölmiðlunar frá 1998, kynningarfulltrúi Eimskips frá 1994.

Friðrik Bragason er framkvæmdastjóri einstaklingssviðs



Friðrik er fæddur 1968. M.S. í bygginga- og brunaverkfræði frá Háskólanum í Lundi árið 1994. Á ekki sæti í stjórnnum félaga.

Framkvæmdastjóri einstaklingssviðs VÍS 2014, framkvæmdastjóri váttryggingasviðs VÍS hf. frá 2008, sérfræðingur hjá VÍS frá 2006, Inpro 2006, Tryggingamiðstöðin 1995-2006, ýmis sérfræðistörf hjá Slökkviliði Reykjavíkur 1994-1995.



Við vitum að allt getur gerst



Guðmar Guðmundsson er framkvæmdastjóri fjármálasviðs



Guðmar er fæddur 1968. Cand. Oecon. frá Háskóla Íslands 1993. Seti í stjórnnum eftirtalinna félaga: Bond Private Insurance Holding ehf. (stjórnarmaður), Koðrán ehf. (varamaður).

Framkvæmdastjóri Fjármálasviðs VÍS hf. frá 2010, framkvæmdastjóri fjármála hjá Nýherja frá 2008, fjármálastjóri hjá TM Software frá 1999.

Þorvaldur Jacobsen er framkvæmdastjóri þróunarsviðs




Þorvaldur er fæddur 1963. M.S. í rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands 1987, B.Sc. í tölvunarfræði frá Háskóla Íslands 1988, MSEE frá The University of Texas at Austin 1990.


Framkvæmdastjóri Þróunarsviðs VÍS frá 2012, framkvæmdastjóri hjá Nýherja og dótturfyrirtækjum frá 2001, framkvæmdastjóri Vísir.is ehf. frá 1999, sölustjóri hjá Teymi hf. frá 1996, sölustjóri hjá Opnum kerfum hf. frá 1990.

Reksturinn


Samsett hlutfall




Framlegð váttryggingareksturs



Þróun heildareigna



Þróun eigin fjár



Starfsemi VÍS byggir á tveimur grunnstöðum, váttryggingastarfsemi og fjárfestingum sem báðar gengu vel á árinu. Framlegð af váttryggingastarfsemi nam 503 milljónum króna og tekjur af fjárfestingastarfsemi námu 2.631 milljón króna. Félagið náði markmiði sínu að lækka samsett hlutfall frá fyrra ári og að ná því niður fyrir 98%. Hlutfallið endaði í 97,8% fyrir árið en var 98,5% árið 2012. Aðstæður á markaði ráða miklu um hvort raunhæft er að halda samsettu hlutfalli hjá tryggingafélögum undir 100% til lengri tíma. VÍS leggur áherslu á að váttryggingarekstur skili áfram jákvæðri rekstrarniðurstöðu með samsettu hlutfalli undir 100%.

Iðgjöld ársins námu 16.090 milljónum króna og lækkuðu um 370 milljónir frá fyrra ári eða sem samsvarar 2,2%. Um 200 milljónir af lækkuninni eru til komnar af því að félagið hætti erlendri frumtryggingastarfsemi á árinu 2012. Einnig hefur verið lögð áhersla á að verðleggja váttryggingavernd í samræmi við áhættu með arðbæran tryggingarekstur að leiðarljósi umfram markaðshlutdeild.

Tjón ársins námu 12.667 milljónum króna og hækkuðu um 554 milljónir króna eða 4,6% frá fyrra ári. Tjónakostnaður getur sveiflast mikið milli tímabila en ein helsta skýring á hækkuðum tjónakostnaði milli ára er stórt tjón sem var tilkynnt á fjórða ársfjórðungi. Endurtryggjendur félagsins bera stærstan hluta þess en hlutur VÍS er 150 milljónir króna. Eigin tjón voru 11.663 milljónir króna miðað við 12.067 milljónir króna árið áður. Nemur lækkun eigin tjónakostnaðar 404 milljónum króna eða 3,4%.

Framlegð ársins af váttryggingastarfsemi nam 503 milljónum króna og hækkaði úr 385 milljónum króna frá fyrra ári.

Rekstrarkostnaður án virðisrýrnunar nam 3.934 milljónum króna og lækkaði úr 4.044 milljónum króna frá fyrra ári, eða um 110 milljónir króna sem svarar til 2,7%. Kostnaður vegna skráningar félagsins á markað nam um 28 milljónum króna. Þá færast fjársýsluskattur sem lagður er á launakostnað félagsins, samtals að fjárhæð 114 milljónir króna undir rekstrarkostnað. Meðalfjöldi stöðugilda var 210 á árinu en 228 árið 2012. Virðisrýrnun viðskiptakrafna lækkaði úr 144 milljónum króna árið 2012 í 78 milljónir króna árið 2013.

Fjárfestingastarfsemi félagsins gekk einnig vel á árinu og námu tekjur samtals 2.631 milljón króna. Árið áður námu tekjur 3.936 milljónum en hafa verður í huga að þá hagnaðist félagið um 800 milljónir króna á sölu gjaldeyris í gegnum gjaldeyrisútboð Seðlabanka Íslands. Hluti fjárfestingaeigna félagsins er í erlendum myntum og því hafði styrking krónunnar á árinu 2013 neikvæð áhrif á ávöxtun þeirra öfugt við þróun á árinu 2012 þegar krónan veiktist. Alls nam ávöxtun eignasafns félagsins 7,38% árið 2013.

Hagnaður af áframhaldandi starfsemi ársins nam 2.154 milljónum króna samanborið við 2.732 milljónir króna árið áður. Árið 2012 var hagnaður af aflagðri starfsemi 293 milljónir króna, en um var að ræða hagnað félagsins af eign í Öryggismiðstöð Íslands.

Efnahagur

Fjárfestingaeignir námu 36.581 milljón króna í árslok 2013 en í árslok 2012 námu þær 34.706 milljónum króna. Eigið fé var 16.624 milljónir og var eiginfjárlutfall 35,9% samanborið við 33,3% í árslok 2012. Skuldir námu 29.630 milljónum króna í árslok en voru 28.982 milljónir króna í árslok 2012. Váttryggingaskuld er stærsta skuldin í efnahagsreikningi og nam hún 27.083 milljónum króna í árslok. Eignir sem nýta má á móti váttryggingaskuldinni námu hins vegar 40.745 milljónum króna eða 13.662 milljónum króna umfram váttryggingaskuldina og gefur það til kynna hve fjárhagslegur styrkur félagsins er mikill. Gjaldþol samstæðunnar í árslok nam 13.854 milljónum króna og var gjaldþolshlutfall hennar 3,74 sinnum lágmarksgjaldþol samkvæmt núgildandi váttryggingalöggjöf.

Afkoma váttryggingagreina

Ökutækjatrýggingar standa fyrir um 45% iðgjalda félagsins og eru því mikilvægur þáttur í starfseminni. Innflutningur bíla hefur dregist mikið saman síðustu ár og var áframhaldandi samdráttur á árinu 2013. Einnig eldist bílaflotinn og hafa margir bílar verið teknir af númerum og standa ónotaðir.

Iðgjöld lögboðinna ökutækjatrýgginga námu 5.057 milljónum króna en voru 5.166 milljónir króna árið 2012. Lækkun iðgjalda er því 109 milljónir króna eða 2,1%. Þótt afkoma greinarinnar hafi batnað á árinu og hagnaður hafi numið 408 milljónum króna, samanborið við 300 milljónir króna árið áður, þarf hún að vera enn betri svo vel sé.

Iðgjöld frjálsra ökutækjatrýgginga námu 2.197 milljónum króna og eins og í lögboðnum ökutækjatrýggingum drógust þau saman, úr 2.317 árið áður. Hagnaður greinarinnar var 283 milljónir króna en var 392 milljónir króna árið áður.

Eignatrýggingar komu vel út og er meginskýringin sú að ekkert stórtjón var á árinu. Iðgjöld námu 3.928 milljónum króna en voru 4.149 árið áður. Afkoma greinarinnar var góð, eða 1.045 milljónir króna samanborið við 924 milljónir króna árið áður.




Iðgjöld í ábyrgðartryggingum námu 896 milljónum króna sem er svipað og árið áður. Stórt tjón sem tilkynnt var til félagsins á fjórða ársfjórðungi hefur mikil áhrif á afkomu greinarinnar og var 164 milljóna króna tap af henni. Árið 2012 var einnig tap eða 69 milljónir króna. Áfram verður unnið að því að áhættumat og iðgjöld leiði til viðunandi afkomu.

Iðgjöld í sjó- og farmtryggingum drógust lítillega saman, voru 500 milljónir króna árið 2013 samanborið við 514 milljónir árið 2012. Hagnaður upp á 62 milljónir króna var af greininni samanborið við 102 milljónir árið áður. Afkoman í þessari grein er mjög sveiflukennd en telst viðunandi árið 2013.

Iðgjöld í slysa- og sjúkratrýggingum námu 1.514 milljónum króna og drógust saman um 289 milljónir króna frá fyrra ári. Stærsti hluti samdráttar í iðgjöldum kom til vegna þess að félagið hætti erlendum frumtryggingastarfsemi á árinu 2012. Tap af greininni nam 363 milljónum króna á árinu sem er óviðunandi.

Líf- og heilsutryggingar urðu hluti af rekstri samstæðunnar þegar VÍS keypti Lífis í lok mars 2012. Rekstur þess hefur gengið vel og var árið 2013 engin undantekning á því. Iðgjöld námu 848 milljónum króna og var 290 milljóna króna hagnaður af rekstri.

Félagið jók umsvif sín í erlendum endurtryggingum og námu iðgjöld ársins 2013 1.149 milljónum króna og hækkuðu um 143 milljónir króna frá árinu áður. Afkoman fór einnig batnandi og nam hagnaður ársins 117 milljónum króna samanborið við 15 milljónir króna árið áður.



Fjárfestingar

Fjárfestingastarfsemin

Fjárfestingastarfsemi er önnur af undirstöðunum í rekstri VÍS. Markmið hennar er að ávaxta fjárfestingaeygnir félagsins á sem bestan og öruggastan hátt. Fjárfestingaeygnirnar eru til að greiða úppgerð tjón viðskiptavina og til að ávaxta eigið fé. Þannig hvílir á félaginu mikil ábyrgð að ávaxta þá fjármuni með öruggum hætti.


Fjárfestingaeygnir félagsins í lok árs 2013 námu 36,6 milljörðum króna. Af þeim voru tæplega 64% í ríkistryggðum skuldabréfum og innlánum.

Síðustu misseri hefur fjárfestingatækifærum fjölgað á Ísland sem hefur gefið félaginu tækifæri til þess að auka vægi annarra eigna í eignasafni þess. Þannig hefur verið dregið úr vægi ríkistryggðra eigna í eignasafninu úr 61% í 57% á árinu og innlána úr 12,4% í 7,3%. Samhliða því hefur félagið aukið vægi annarra eigna eins og skráðra innlendra hlutabréfa sem fóru úr 2,8% í 6,3% og vægi skuldabréfa, annarra en ríkisins, sem jukust úr 14,3% í 18,1%. Félagið hefur einnig aukið vægi annarra fjárfestinga eins og framtaks- og fasteignasjóða.

Ávöxtun fjárfestingaeygna félagsins var viðunandi á árinu. Þannig námu fjármunatekjur tæpum 2.631 milljón króna eða 7,38% ávöxtun. Þetta er heldur lakari ávöxtun en árið 2012 þegar fjármunatekjur námu 3.936 milljónum króna. Varasamt er að bera saman fjármunatekjur milli ára enda var árið 2012 sérstakt þar sem nokkrir einskiptisliðir skýra góða afkomu ársins eins og þátttaka félagsins í gjaldeyrisútboði Seðlabankans.

Um ávöxtun einstakra eignaflokka á síðasta ári ber helst að nefna að ávöxtun skuldabréfasafns félagsins var undir væntingum, sérstaklega verðtryggðra ríkisskuldabréfa. Ávöxtun skuldabréfa banka og fyrirtækja var hins vegar góð. Ávöxtun hlutabréfasafns félagsins var yfir væntingum, sérstaklega skiluðu innlend hlutabréf góðri ávöxtun.

Samsetning eigna á móti
vátryggingaskuld




Tæplega 10% styrking krónunnar hafði neikvæð áhrif á ávöxtun félagsins sem á talsvert af erlendum verðbréfum í eignasafni sínu.

Umgjörð fjárfestinga

Undanfarin ár hefur verið lögð mikil áhersla á að bæta ferla og verklagsreglur við fjárfestingar félagsins. Þannig fara allar fjárfestingaákvarðanir í skilgreint ferli og heimildir starfsmanna til ákvarðana fara eftir fjárhæðum og áhættu fjárfestinganna. Markmiðið er að tryggja að allar fjárfestingar séu í samræmi við fjárfestingarstefnu og áhættuvilja félagsins.

Samsetning eigna



Stefna um fjárfestingar er endurskoðuð að minnsta kosti einu sinni á ári og samþykkt af stjórn. Í stefnunni eru skilgreind markmið í eignasamsetningu, hvernig eignasafnið eigi að skiptast á milli mismunandi eignaflokka og hversu mikið megi víkja frá því markmiði. Einnig eru kvaðir eins og um hámarkseign á útgefanda og atvinnugreinar. Markmiðið er eins og áður að tryggja hámarks ávöxtun miðað við áhættuvilja félagsins.

Á árinu var farið í viðamikla vinnu við að setja umgjörð stýringar á markaðsáhættu og skilgreina með hvaða hætti er hægt að draga úr og stýra markaðsáhættunni. Þannig eru helstu þættir markaðsáhættu tilgreindir og síðan hvaða leiðir félagið hefur til þess að stýra þeim. Samhliða því voru reglur um fjárfestingar, lausafjárstýringu og samþjöppunaráhættu endurskoðaðar.

Allar þessar breytingar og endurskoðun miða að því að búa félagið undir nýja löggjöf um vátryggingastarfsemi – Solvency II sem tekur gildi í ársbyrjun 2016.



Við vitum að allt getur gerst

VÍS

Efnahagsumhverfið

Segja má að nokkrar bjartsýni hafi gætt í upphafi ársins. Vonir voru bundnar við að kyrrstaða hagkerfisins undanfarin ár yrði rofin. Gangur þess fór þó rólega af stað en þegar líða tók á haustið tók hagvöxtur við sér með auknum útflutningi vöru og þjónustu. Innflutningur var talsvert minni en reiknað var með, enda drógust fjárfestingar saman á árinu um 4,3%. Enn eitt met var slegið í fjölda erlendra ferðamanna sem heimsóttu landið og fylgdi því mikil búbót.

Gengisvísitala krónunnar stóð í 231,66 stigum í upphafi árs eftir að hafa hækkað nokkuð síðustu mánuði ársins 2012. Gengið hélt áfram að veikjast lítillega fram í lok febrúar þegar við tók styrkingartímabil sem lauk í byrjun maí með því að vísitalan fór í 206,85. Seðlabankinn hefur verið mun virkari á gjaldeyrismarkaði síðan þá og gengið hélst nokkuð stöðugt með vísitöluna á bilinu 216 til 219 fram á haustið en síðan hefur krónan styrkst nokkuð. Gengisvísitalan endaði í 210,11 stigum í árslok.

Vextir voru stöðugir á árinu. Seðlabanki Íslands hefur ekki hækkað vexti síðan í nóvember 2012 þegar vextir á viðskiptareikninga fóru í 5%. Enn er landið fast í viðjum gjaldeyrishafta og ekki liggur fyrir hvenær eða með hvaða hætti losað verður um þau.

Verðbólga fór heldur minnkandi á árinu og endaði meðalverðbólga ársins í 3,9% og hafði þá lækkað úr 5,3% meðalverðbólgu árið áður. Vísbendingar eru um að verðbólga haldi áfram að lækka. Húsnæðisverð hefur þó hækkað um 6,5% á árinu 2013 og leiguverð um 10%. Einkaneysla óx lítið á árinu eða um 1,6% en reiknað er með að hún vaxi hraðar á næstu árum meðal annars vegna fyrirhugaðra skuldaleiðréttinga stjórnvalda.

Innflutningur bíla dróst saman á árinu. Um 8.000 ökutæki voru nýskráð eða um 500 færri en árið áður. Innflutningurinn hefur glæðst nokkuð fyrstu vikur ársins 2014 en mikið þarf að gerast til að innflutningur nái ársmeðaltali árána 2000-2008 sem var um 14.300 ökutæki. Þar sem lítil vöxtur hefur verið á fjárfestingu og einkaneyslu hefur verkefnastaða viðskiptavina VÍS í verktakeirum verið erfið.

Skráning á markað



Hlutabréf Vátryggingafélags Íslands hf. (VÍS) voru tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland 24. apríl 2013 undir auðkenninu VIS. VÍS var annað félagið sem skráð var á NASDAQ OMX Nordic á árinu, en það fyrsta á NASDAQ OMX Iceland. Það var einnig fyrsta tryggingafélagið á íslenska markaðnum. 1. júlí 2013 varð VÍS hluti af úrvals-visitölunni OMX6.

Stjórn VÍS óskaði í febrúar eftir að allir hlutir í félaginu yrðu teknir til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Klakki ehf., eigandi VÍS, ákvað að fara í almennt útboð á 60% útgefina hluta í félaginu (með heimild til að stækka í 70%) sem voru til sölu á genginu 6,75 - 7,95 kr. á hlut. Áskriftartímabil útboðsins var 12. - 16. apríl 2013 og sá fyrir-tækjaráðgjöf fjárfestingabankasviðs Arion banka um það. Lágmarksáskrift miðaðist við 100.000 kr. og var markmið Klakka að selja hlutabréfin á viðunandi verði, jafnframt að útboðið gerði VÍS kleift að uppfylla skilyrði NASDAQ OMX Iceland hf. um dreifingu hluta-fjár þannig að bæði almenningur og fagfjárfestar eignuðust hlut í félaginu.

Vel heppnuðu útboði lauk klukkan 16.00 þriðjudaginn 16. apríl þar sem tæplega 5.000 fjárfestar óskuðu eftir að kaupa hlutabréf fyrir samtals um 150 milljarða króna. Í ljósi eftirspurnar ákvað Klakki að nýta heimild sína til stækkunar útboðsins og nam því end-anleg stærð þess 69,07% af útgefnum hlutum í VÍS. Söluandvirði útboðsins var 14,3 milljarðar króna. Tilboðum á genginu 7,95-9,20 krónur á hlut var tekið við úthlutun, en endanlegt útboðsgengi í tilboðsbókum A og B var 7,95 krónur á hlut og í tilboðsbók C var meðalgengi 8,52 krónur á hlut.



Um 14,55% af útgefnum hlutum VÍS var úthlutað til fjárfesta sem skráðu sig í tilboðsbók A fyrir kaupum að andvirði 0,1-50 milljóna króna og hverjum aðila úthlutað hlutabréfum að andvirði um 0,1-1,5 milljóna króna. Um 30,70% af útgefnum hlutum VÍS var úthlutað til fjárfesta sem skráðu sig í tilboðsbók B fyrir kaupum að andvirði 50 milljóna króna eða meira og var hverjum aðila úthlutað sem nam 5% af gildri áskrift sinni. Fjárfestum sem skráðu sig í tilboðsbók C var úthlutað 24,75% af útgefnum hlutum VÍS fyrir andvirði um 5,3 milljarða króna.

Gengi bréfa VÍS hækkaði um 16% frá útboði á fyrsta viðskiptadegi í Kauphöllinni en lokagengi dagsins var 9,22. Heildarvelta með bréfin þann dag nam 1.464.996.442 kr. Við-skripti með bréf VÍS hafa gengið vel frá upphafi og var meðalvelta 155.130.088 kr. á dag til áramóta. Í lok árs var gengi bréfanna 10,79 og hluthafar liðlega 1.300.



Töluverð breyting hefur orðið á eignarhlut stærstu hluthafa VÍS frá útboðinu. Klakki á þó sem fyrr tæplega 31% hlutafjár. Hagamelur ehf. sem átti 9,9% eftir útboð og var næst-stærsti hluthafi félagsins var fjórði stærsti um áramót með 5,23% hlutafjár. Lífeyrissjóð-ur starfsmanna ríkisins (A-deild, B-deild og Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga) átti 9,1% í árslok en var ekki á meðal 15 stærstu hluthafa fyrst eftir útboð. Stefni - ÍS 15 átti 6,24% um áramót og hafði tæplega þrefaldað hlut sinn frá útboði.

Starfsemin

VÍS leiðandi á markaðnum

Markmið VÍS er að vera í fremstu röð þjónustufyrirtækja og er sífellt leitað leiða til að gera viðskipti við félagið þægilegri. VÍS er stærsta váttryggingafélag landsins með um þriðjungs markaðshlutdeild. Félagið býður viðskiptavinum sínum viðtæka váttryggingaþjónustu þar sem rík áhersla er lögð á viðeigandi ráðgjöf um váttryggingavernd, gæði í þjónustu, skilvirkni og sveigjanleika.

Skiplagsbreytingar

Nýtt skipulag VÍS tók gildi 1. febrúar 2014 sem hefur það að markmiði að auka skilvirkni, sveigjanleika og gæði í þjónustunni. Starfsemi váttryggingasviðs annars vegar og sölu- og þjónustusviðs hins vegar var skipt í einstaklings- og fyrirtækjaþjónustu. Samhliða þessu breyttist verkaskipting framkvæmdastjórnar eftir því sem við á. Þess er vænst að skipulagsbreytingarnar auki samkeppnishæfni félagsins til lengri tíma, bæði viðskiptavinum og VÍS til hagsbóta.


Öflugt þjónustunet

VÍS státar af öflugu þjónustukerfi með tugi útibúa og umboða viðs vegar um landið þannig að viðskiptavinir geta sótt fyrsta flokks þjónustu hvar sem þeir eru staddir. Þjónustufulltrúar eru innan seilingar um land allt og búa að yfirgripsmikilli þekkingu á sínum heimavelli. Þá er starfsfólk þjónustuvers VÍS reiðubúið að aðstoða alla virka daga bæði í síma og netspjalli. Ennfremur geta viðskiptavinir hvenær sem er skoðað allar upplýsingar um tryggingamál sín með skjótum hætti á svæðinu *Mitt VÍS* á vefnum.

Bílahjálp VÍS

Fjölmarginir viðskiptavinir með F plús tryggingu hafa notið góðs af Bílahjálp VÍS undanfarin misseri. Ef bíllinn bilar, verður bensín- eða rafmagnslaus, dekk springur, rúður brotna eða annað slíkt er hjálpin á næsta leiti. Þjónustan er á hagstæðum kjörum fyrir F plús tryggingartaka og í boði allan sólarhringinn árið um kring á stofnvegum utan hálendis, tengivegum, héraðsvegum og sveitarfélagsvegum. Til að nýta sér hana hringja viðskiptavinir í aðalnúmer VÍS, 560-5000.

Skipurit VÍS





Við vitum að allt getur gerst

vís

Vörupróun

Sumarbústaðatrygging

Ný sumarbústaðatrygging var sett á markað á vormánuðum 2013. Hún sameinar allar tryggingar sem snúa að sumarbústöðum í eina. Meiri sveigjanleiki er í boði þar sem viðskiptavinir geta bætt inn í trygginguna valkvæðum þáttum sem áður þurfti að tryggja sérstaklega utan sumarbústaðatrygginga.

F plús

Breytingar voru gerðar á F plús og ferðatryggingarnar gerðar að valkvæðum bóталиð. Á sama tíma var áfallavernd bætt inn í trygginguna. Hún felur í sér að viðskiptavinir með F plús geta nýtt sér áfallahjálpi lendi þeir í bótaskyldu tjóni úr F plús.

Mitt VÍS

Vefur VÍS var einn fyrsti skalanlegi vefur landsins, þ.e. sem lagar sig að mismunandi tæki notandans eins og spjaldtölvum og snjallsímum auk hefðbundinna tölvu. Þar geta viðskiptavinir sótt um sitt eigið heimasvæði sem heitir Mitt VÍS og fundið allar sínar upplýsingar á einum stað hvenær sem er. Mitt VÍS er mjög notendavænt hvort sem er fyrir einstaklinga eða fyrirtæki.


Fjölgun heimsóknna á vef VÍS í gegnum snjalltæki á milli árunna 2012-2013 er 115% og telur 14% heildarumferðar á vefnum samborið við 6.4% árið 2012. Fyrsta mánuð ársins 2014 jókst hlutfall snjallsímaheimsóknna af heildarumferð í 16%.

Mannauður

Hjá VÍS starfar metnaðarfullt og framsækið fólk sem endurspeglar gildi fyrirtækisins í daglegu starfi; umhyggju, fagmennsku og árangur. Í lok árs 2013 voru 216 starfsmenn, þar af tæpur fjórðungur úti á landi og meðal fjöldi stöðugilda á árinu var 210.

VÍS býr við lága starfsmannaveltu, 3,1% á ári að meðaltali undanfarin 5 ár, meðalstarfsaldur er um 11 ár og meðallífaldur 45 ár. Tæplega helmingur starfsmanna hefur háskólamenntun. Kynjaskipting er nokkuð jöfn, 121 karl og 95 konur starfa hjá

Aldursdreifing



félaginu. Í framkvæmdastjórn eru 3 konur og 4 karlar og rúm 40% deildarstjóra eru konur.


Fræðsla og þjálfun

Starfsfólki stendur margs konar fræðsla og þjálfun til boða árið um kring. Fjöldmörg stutt námskeið eru í boði innanhúss sem fjalla um mikilvæga þætti í starfsemi, svo sem einstaka tryggingagreinar og meðhöndlun tjóna. Á hvert sækir ákveðinn fjöldi starfsmanna Tryggingaskólann sem starfræktur er í Háskólanum í Reykjavík. Þeir sem nú stunda námið verða fyrstir til útskrifast sem vottaðir váttryggingasérfræðingar. Þá hafa 24 tekið þátt í þjálfun í straumlínustjórnun eða Lean. Samhliða námskeiðunum var tveimur Lean-verkefnum hleypt af stokkunum og eru þau nú á innleiðingarstigi. Ellefu starfsmenn sóttu námskeið í sérhæfðri stjórn verkefna, Prince2 og fengu alþjóðlega vottun. Fleiri munu gera það í framhaldinu.


Góður starfsandi

Starfsánægja og starfsandi hjá VÍS er með því besta sem gerist á landinu. Árlega er framkvæmd könnun meðal starfsmanna þar sem innra umhverfið, menning og stjórnun eru metin. Stjórnendur VÍS leggja mikla áherslu á vinnuvernd, velliðan starfsmanna og góðan aðbúnað.

Starfsaldur



Starfsánægja



Með því að mæla reglulega viðhorf starfsmanna og liðan og bregðast við því sem betur má fara hefur tekist að byggja upp öfluga liðsheim. Könnun á árinu 2013 sýnir að ánægja starfsmanna með þá þætti sem mestu máli skipta fyrir velgengni fyrirtækisins er mun meiri en að jafnaði hjá þeim fyrirtækjum sem VÍS ber sig saman við.

Stefnumótun

VÍS markaði sér viðamikla stefnu árið 2012 til næstu fimm ára þar sem lagt var upp með einföldun, skilvirkni og betri rekstur. Þá voru línurnar lagðar en árlega er stefnan löguð að breyttum aðstæðum í samvinnu við starfsfólk. Kallað er eftir aðkomu allra og heldur forstjóri reglulega fundi með smærri hópum starfsmanna þar sem farið er yfir hugmyndir og tillögur um hvað betur má gera. Þegar allir hafa lagt sitt af mörkum verður til stefnuvísir fyrir starfsemina.


Með þessu er árlega skert á áherslunum í samræmi við meginmarkmið fyrirtækisins; að veita framúrskarandi þjónustu með sé áherslu á mikilvægi forvarna og að reksturinn verði sambærilegur við það besta sem gerist á hinum Norðurlöndunum.

Lean – ánægja, einföldun, skilvirkni


VÍS vinnur að innleiðingu straumlínustjórnunar þ.e. LEAN aðferðafræði í samræmi við stefnu félagsins og starfsáætlun um að auka ánægju viðskiptavina, einfalda starfsemina og auka skilvirkni. LEAN gengur út á að einfalda og staðla ferla og er verið unnið í samstarfi við fagaðila á þessu sviði. Búið er að byggja upp töluverða þekkingu á LEAN meðal starfsmanna. Þetta er einungis upphafið að breyttri menningu VÍS til frambúðar sem mun byggjast á stöðugum umbótum og hugarfarinu að ávallt er mögulegt að gera enn betur.

VÍS leggur áherslu á að nýta þekkingu og lærdóm starfsfólks sem og annarra og er óhrætt við að tileinka sér það sem aðrir hafa gert vel. Félagið er í stöðugri framþróun og kappkostar að starfsemin sé sem hagkvæmust hverju sinni og þjónustan framúrskarandi viðskiptavinum til hagsbóta.

Gjaldþol og lágmarksgjaldþol samstæðu



Gjaldþolshlutfall samstæðu



Innleiðing Solvency II – stefnur, áhættustýring


Solvency II er ný löggjöf um váttryggingastarfsemi á evrópska efnahagssvæðinu sem taka á gildi 1. janúar 2016. Innleiðing á Solvency II hefur gengið vel undir handleiðslu samhents hóps starfsmanna. Mikið hefur áunnist og má meðal annars nefna að félagið hefur þegar sett sér og stjórn þess staðfest, stefnur um nær öll málafni sem varða löggjöfina. Þær helstu eru:

- Stefna um samhæfða áhættustýringu
- Stefna um rekstraráhættu
- Stefna um váttryggingaáhættu
- Stefna um markaðsáhættu

Í hnotskurn má segja að Solvency II gangi út á auknar kröfur til gjaldþols og áhættustýringar váttryggingafélaga með það að markmiði að auka vernd váttryggingartaka. Að sama skapi draga auknar kröfur úr líkum á tapi neytenda eða truflunum á markaði. Löggjöfin felur í sér margvísleg tækifæri til að bæta áhættumat og rekstur félagsins enn frekar. Unnið er ötullega að því að uppfylla öll skilyrði hennar enda engar kvaðir í þessu fölgna heldur þvert á móti ýmis konar ávinningur.

Framundan er frekari innleiðing á þeim stefnum sem Solvency II gerir kröfu um og verður ferlið krefjandi á komandi ári. Margir starfsmenn koma að innleiðingunni og fylgja skýrum tímaramma til að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið.

Styrkleikamat endurtryggjenda



Viðurkenningar

Stjórnarhættir VÍS til fyrirmyndar

VÍS er Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum að mati Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti við Háskóla Íslands. VÍS er áttunda fyrirtæki landsins sem hreppir þessa nafnbót og fyrst íslenskra tryggingafélaga.



Viðurkenningin er veitt í kjölfar ítarlegrar úttektar á stjórnarháttum félagsins sem unnin var af Deloitte ehf. Í umsögn Rannsóknarmiðstöðvarinnar segir að úttekt Deloitte ehf. gefi skýra mynd af stjórnarháttum VÍS og bendi til þess að VÍS geti að mörgu leyti verið öðrum fyrirtækjum til fyrirmyndar á þessu sviði. Hlutverk stjórnar sé vel skilgreint í samþykktum og starfsreglum, verkaskipting innan hennar sé skýr og í samræmi við reglur og skipulag og starfshættir til fyrirmyndar.

Framúrskarandi fyrirtæki Creditinfo

VÍS var í 12. sæti og efst tryggingafélaga á lista Creditinfo yfir framúrskarandi fyrirtæki ársins 2013 og Lífis í 55. sæti. Listinn samanstendur af 462 fyrirtækjum af rúmlega 33.000 á hlutafélagaskrá.



Til að standast styrkleikamat Creditinfo þurfa fyrirtæki að uppfylla eftirfarandi kröfur:

- > Hafa skilað ársreikningum til RSK 2010 til 2012
- > Minna en 0,5% líkur á alvarlegum vanskilum
- > Að sýna jákvæðan rekstrarhagnað (EBIT) þrjú ár í röð
- > Að ársniðurstaða sé jákvæð þrjú ár í röð
- > Að eignir séu 80 milljónir eða meira árin 2010-2012
- > Að eiginfjárlutfall sé 20% eða meira rekstrarárin 2010-2012
- > Að vera með skráðan framkvæmdastjóra í hlutafélagaskrá
- > Að vera virkt fyrirtæki skv. skilgreiningu Creditinfo

VÍS í 5. sæti í markaðsmálum

VÍS er í 5. sæti þeirra fyrirtækja sem stóðu sig best í markaðsmálum árið 2013 að mati markaðsstjóra liðlega 400 stærstu auglýsenda landsins. Þetta kemur fram í könnun sem Capacent gerði fyrir ÍMARK og kynnt var á Íslenska markaðsdeginum í febrúar 2014.

Tvenn auglýsingaverðlaun og fimm tilnefningar

Ný auglýsingaherferð VÍS á haustdögum, þar sem sannir atburðir voru stílfærðir þannig að eftir var tekið, færði félaginu tvenn verðlaun fyrir bestu auglýsingar ársins þegar Lúðurinn, Íslensku auglýsingaverðlaunin, voru afhent. Verðlaunin voru annars vegar fyrir bestu prentauglýsingarnar og hins vegar fyrir bestu umhverfisauglýsinguna þar sem trampólín „fauk“ á þakskegg húss við Vesturlandsveg og sat þar fast. Að auki var VÍS tilnefnt fyrir auglýsingar sínar í útvarpi og sjónvarpi og fyrir auglýsingaherferð ársins.

Til marks um vinsældirnar má nefna að á efnisveitunni Youtube var horft yfir 40.000 sinnum á sjónvarpsauglýsinguna fyrstu tvo sól-arhringana eftir frumsýningu. Nú hefur hún verið skoðuð 60.000 sinnum sem þýðir að þetta er ein vinsælasta, ef ekki vinsælasta, íslenska auglýsingin sem þangað hefur ratað.

Útvistun tækniþjónustu

VÍS samdi, að undangengu útboði, við Reiknistofu bankanna hf. (RB) um að annast alrekstur á öllum miðlægum tölvukerfum félagsins til næstu fimm ára. Þannig tryggir RB VÍS aðgang að mjög öflugri tvöföldu tækniúthverfi og nær samningurinn m.a. til reksturs sýndarnetþjóna, gagnaafritunar, netlags, eldveggja, og öryggismála.

Þá samdi VÍS við Nýherja um rekstur á útstöðvum upplýsingatækni- og notendaþjónustu. Þannig verður öll notendaþjónusta veitt í gegnum þjónustumiðstöð Nýherja. Þetta tryggir félaginu meira rekstraröryggi, sveigjanleika og dregur úr UT kostnaði til lengri tíma lítið líkt og samstarfið við RB.





Við vitum að allt getur gerst

vísir

Samfélagsábyrgð VÍS



VÍS er traust, leiðandi og framsækið þjónustufyrirtæki sem veitir viðskiptavinum viðeigandi váttryggingavernd og stuðlar að öryggi með öflugum forvörnum. Með samfélagsábyrgð sinni leitast VÍS við að bera ábyrgð á áhrifum sínum á umhverfi og samfélag þannig að hvers kyns soun sé takmörkuð af fremsta megni. Reynt er að tryggja að starfsemi VÍS valdi ekki skaða heldur stuðli þvert á móti að meiri lífsgæðum. Við leggjum megin áherslu á forvarnir í þeim tilgangi að fækka slysum og tjónum meðal viðskiptavina og í samfélaginu i heild.

Samfélagsábyrgð fyrirtækisins er skipt niður í sex meginstoðir en þær eru: Forvarnir, samstarfsaðilar, góðir stjórnarhættir, mannauður, umhverfi og samfélag.

Til liðs við Festu

VÍS hefur gengið til liðs við Festu - miðstöð um samfélagsábyrgð. Í því felst að fyrirtækið og starfsfólk vinnur í anda gilda Festu að ábyrgum starfsháttum. Gildi Festu og þjónustuloforð VÍS fara einstaklega vel saman þar sem meðal annars er lögð áhersla á heilindi, heiðarleika og ábyrgð. Þetta skref er í samræmi við ríkari áherslur VÍS á að tvínni viðtæka samfélagsábyrgð inn í alla starfsemi fyrirtækisins.

Aðild VÍS að UN Global Compact

VÍS er aðili að samkomulagi Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð. Í sáttmálanum felst að VÍS skuldbindur sig siðferðislega

til að vinna að jafnréttismálum í sínum ranni, sýna samfélagsábyrgð og hafa frumkvæði í jafnréttismálum. Haft er að leiðarljósi að fyrirtækið hafi á að skipa fjölbreyttum og hæfileikaríkum hópi starfsfólks sem eykur samkeppnishæfni þess. Skuldbindingar um samfélagsábyrgð og sjálfbærni eru í heiðri hafðar og stuðlað er að efnahagslegum og félagslegum aðstæðum sem veita öllum jöfn tækifæri.

Forvarnir og fyrirtækjamenning

Forvarnir hafa lengi skipað stóran sess hjá VÍS og stöðugt er unnið að því að efla þær. Forvarnir eru hluti af menningu fyrirtækisins og sýnilegur hluti starfseminnar.

Allir starfsmenn VÍS eru forvarnarfulltrúar og nota hvert tækifæri sem gefst til að fræða viðskiptavinum um hvaðeina er að málefnum lytur. Markmiðið er að bæta lífsgæði fólks því þótt tryggingabætur létti undir er margan skaða alls ekki hægt að meta til fjár.

VÍS leggur mikla áherslu á að hjá félaginu geti viðskiptavinir nálgast helstu upplýsingar um hvers kyns forvarnir. Þar er www.vis.is, án efa mesti upplýsingabrunnurinn með fjölbreyttu og viðamiklu efni. Þar getur meðal annars að líta forvarnarheimilið þar sem má kynna sér með gagnvirkum og skemmtilegum hætti eld-, innbrota-, vatns- og slysavarnir. Einnig má finna gagnlegar upplýsingar sem snúa að fyrirtækjum, öryggi í umferðinni, frítímanum, heilsu og náttúruvæ á samt gátlistum og fleiru. Efni sem gott er að kynna sér með það að leiðarljósi að auka öryggi sitt og sinna.



Sýnilegir hestar og menn með endurskini frá VÍS.

Forvarnarráð

Til þess að ná sem best utan um þau fjölmörgu verkefni sem tengjast forvörnum hefur félagið á að skipa svo kölluðu forvarnarráði VÍS. Í því sitja starfsmenn þvert á skipurit félagsins til að boðskapurinn eigi greiða leið sem víðast. Ráðið forgangsraðar verkefnum og ákveður hver skulu sett á oddinn sem lykilverkefni.

Eitt þeirra var *Ég lofa* þar sem vegfarendur voru hvattir til að lofa sjálfum sér og öðrum að bæta a.m.k. einn þátt í umferðarhegðun sinni. Alls tók 2.751 einstaklingur þátt í verkefninu í gegnum vef VÍS og Facebook síðu félagsins. Þann tíma sem verkefnið varði voru daglega fluttar áhugaverðar fréttir þar sem markmiðið var að vekja fólk til umhugsunar um umferðaröryggi.

Þrír sérfræðingar í forvörnum starfa hjá VÍS og leiða forvarnarstarfið eftir stefnu og starfsáætlun fyrirtækisins hverju sinni. Liður í því er að fræða og þjálfra aðra starfsmenn þannig að þeir séu sem best í stakk búnir að sinna forvarnarhlutverki sínu. Þá sinna þremmenningarnir ótullga upplýsingagjöf til fjölmiðla með því að miðla markvisst ýmis konar fræðslu og vera ávallt til taks þegar leitað er til þeirra eftir ítarlegri upplýsingum.

Aðaláherslur í forvarnarstarfi félagsins eru fræðsla og upplýsingagjöf, samfélagslegar aðgerðir til tjónavarna, öryggiseftirlit og beinar fyrirbyggjandi aðgerðir hjá viðskiptavinum auk ráðgjafarstarfsemi og þjónustu á sviði forvarna og öryggismála.

Fjölbreyttar forvarnakannanir og fréttir

VÍS leggur áherslu á áhugaverðar fréttir og umfjöllun um forvarnir á vef sínum og að boðskapurinn berist sem víðast. Yfir 100 slíkar rötuðu í fjölmiðla á árinu.

Einn liður í þessu eru kannanir sem starfsmenn VÍS gera með því að fylgjast með notkun á ýmis konar öryggisbúnaði í umferðinni og víðar. Til að mynda notkun bílbeltis, stefnuljósa, hjálma bæði

á hjólum og skíðum, endurskinsmerkja, akstri gegn rauðu ljósi og hvort bílljós séu í lagi. Iðulega rata þessar kannanir í fjölmiðla enda um margt merkilegar staðreyndir sem koma í ljós sem eiga erindi við almenning og vekja fólk til umhugsunar um eigið öryggi og annarra.

Rafhlöður í reykskynjara

Á aðventunni bauð VÍS viðskiptavinum að sækja rafhlöðu fyrir reykskynjara í næsta útibú félagsins. Brunavarnir þurfa að vera í lagi árið um kring og sérstaklega í jólamánuðinum þegar flestir eldsvoðar verða á heimilum landsins. Þar eru virkir reykskynjarar mikilvægastir og eiga margir þeim líf sitt að launa.

Rúðusköfur

Í vetur hefur viðskiptavinum VÍS sem leið eiga á skrifstofur félagsins verið boðin handhæg rúðuskafa. Ein forsenda þess að hægt sé að aka bíl með öruggum hætti er að sjá vel út. Því miður spara margir sér verkið að hreinsa rúðurnar nægilega vel og láta framrúðuna eða jafnvel aðeins hluta hennar duga. Það er nauðsynlegt að skafa líka af hliðarrúðum, afturrúðu og hliðarspeglum. Jafnframt þarf að hreinsa snjó af öllum ljósum til að tryggja sýnileikann.

Skinandi skemmtilegar húfur

Líkt og undanfarin ár bauð VÍS viðskiptavinum með F plús fjölskyldutryggingu að næla sér í húfu fyrir börnin á næstu þjónustuskrifstofu. Síðast liðin tvö ár hafa þúsundir húfa runnið út á methraða um allt land. Það sama var upp á teningnum í haust og svaraði húfufjöldinn til þess að fjögur af hverjum tíu börnum á aldrinum 3ja til 12 ára hafi skartað þessari höfuðþrýði.

Barnabílstólar

Í hartnær tuttugu ár hefur VÍS leigt út barnabílstóla til viðskiptavina sinna. Um 6.000 stólar eru í útleigu og skipta viðskiptavinir tugum þúsunda sem hafa nýtt sér þjónustuna í gegnum tíðina. VÍS hefur ávallt lagt áherslu á að bjóða fyrsta flokks stóla og alla tíð hvatt til notkunar bakvísandi stóla, enda sýna rannsóknir að á fyrstu árum barnsins eru þeir fimmfalt öruggari en framvísandi. VÍS býður norska BeSafe stóla til leigu. Þeir hafa komið mjög vel út í árekstrarprófunum og fengið hverja viðurkenninguna á fætur annarri fyrir öryggi.

Sýnilegir hestar og menn

Landssamband hestamannafélaga og VÍS tóku höndum saman síðla árs til að auka sýnileika knapa og fáka í svartasta skamdeginu með sérvöldum endurskinsmerkjum. Þau fást í tugum verslana um land allt. Til að fyllsta öryggis sé gætt er endurskinið bæði ætlað knapa og hesti þar sem þeir geta orðið viðskila.

Forvarnarstarf til sjós

Frá árinu 2009 hefur VÍS, í samstarfi við Slysavarnaskóla sjómanna, unnið að forvörnum um borð í fiskiskipum hjá útgerðum tryggðum hjá VÍS. Mikill árangur hefur náðst í að stuðla að fækkun slysa og bættri öryggismenningu hjá þeim sem eru virkir í samstarfinu.

Undanfarin ár hefur VÍS fært Slysavarnaskóla sjómanna tíu björgunargalla árlega að gjöf til notkunar við kennslu og æfingar. Fulltrúar VÍS tók þátt í þyrlubjörgunaræfingu á vordögum og kynntust frá fyrstu hendi hversu mikilvægt starf skólinn og Landhelgisgæslan vinna í að þjálfra sjómenn í að temja sér rétt viðbrögð við björgun úr sjávarháska. VÍS er umhugað um öryggi íslenskra sjómanna og eru björgunargallarnir tíu táknrænir fyrir það.

Forvarnarráðstefnan

Forvarnarráðstefna VÍS og Vinnueftirlitsins var haldin í fimmta sinn í febrúar 2014 undir yfirskriftinni Skipulag og stjórn öryggismála. Eftir vel heppnað ráðstefnuhald í höfuðstöðvum VÍS undanfarin ár var ákveðið, vegna mikillar aðsóknar, að færa ráðstefnuna úr húsi og á Hilton Reykjavík Nordica hótél. Þátttakendur sprengdu einnig ráðstefnusalinn þar utan af sér þar sem á fjórða hundrað manns skráði sig til leiks. Þetta er fjölmennasta ráðstefna sem haldin hefur verið hér á landi um öryggismál og forvarnarstarf fyrirtækja.

Forvarnarverðlaunin

FISK Seafood ehf. á Sauðárkróki hreppti Forvarnarverðlaun VÍS sem afhent voru í fimmta sinn á forvarnarráðstefnu VÍS og Vinnueftirlitsins í febrúar 2014. Jafnframt fengu Klettur – sala og þjónusta ehf. og Gæðabakstur ehf. viðurkenningu fyrir góðan árangur í forvörnum og öryggismálum.

Forvarnarverðlaunin eru veitt fyrir framúrskarandi og fyrirmyndar forvarnir. Þar er FISK Seafood ehf. í fremstu röð að mati viðskiptastjóra VÍS og forvarnaráðs. Fyrirtækið er fyrirmyndardæmi um hve miklum árangri hægt er að ná í að efla forvarnir og öryggismál fyrirtækja þegar yfirstjórn sýnir þeim málaflokki raunverulegan og sýnilegan stuðning.

Stöðumat fyrirtækja

Frá árinu 2009 hafa starfsmenn VÍS gert svokallað stöðumat forvarna hjá á þriðja þúsund vinnustaða. Í því er fyrirtækjum gefin einkunn í öryggismálum sem grundvallast á fjórum þáttum; öryggi starfsmanna, innbrotis- og eldvörnum og umgengni. Í heimsóknunum er bent á tækifæri til úrbóta og fræðsluefni miðlað. Atvinnurekendur fá þannig heildarsýn á hvar þeir standa í þessum efnum. Reynsla VÍS sýnir að því upplýstari sem stjórnendur eru um öryggismál því betri eru forvarnir á vinnustað þeirra, vinnuumhverfi öruggara og öryggismenning betri. Þessu fylgir traustari rekstur sem er sameiginlegur ávinningur allra.

Græni herinn

VÍS stofnaði Græna herinn árið 2011. Starfsfólk fyrirtækisins skipar hann og er markmiðið að stuðla að umhverfisvænu vinnulagi í einu og öllu hjá félaginu sem og vekja starfsfólk til aukinnar umhverfisvitundar. Herinn hefur farið í vettvangskannanir til annarra fyrirtækja og sótt fyrirlestra til að afla sér þekkingar á hvað aðrir gera í umhverfismálum sínum. Í upphafi var lögð áhersla á að flokka sorp í kaffistofum og matsal í höfuðstöðvum félagsins. Á fyrstu tveimur árunum tókst að minnka það um meira en þriðjung eða 13 tonn. Samhliða dróst kostnaður af förgun saman um 53% þar sem liðlega helmingur sorpsins fór í endurvinnslu á móti rúmum tíunda hluta áður.

Tekin var upp vistvæn innkaupstefna og eru til að mynda allar ræstivörur í höfuðstöðvunum Svansvottaðar. Leitast var við að útrýma einnota borðbúnaði sem hefur leitt til mikils sparnaðar í innkaupum. Unnið er að gerð skilgreindra mælikvarða í umhverfismálum VÍS.

Í lok ársins tók VÍS upp miðlægt prentumsjónarkerfi frá Nýherja með það fyrir augum að draga úr notkun á pappír. Við val á þjónustuaðilum var horft sérstaklega til umhverfissjónarmiða varðandi mengun, förgun og endurnýtingu á prentbúnaðinum.

Samgöngustefna VÍS

Græni herinn átti þátt í að VÍS hefur innleitt samgöngustefnu með það að leiðarljósi að starfsmenn kjósi umfram annað að nota vistvænar og hagkvæmar leiðir til að komast í og úr vinnu. Tilgangurinn er að stuðla að minni mengun og bættu umferðaröryggi með því að draga úr fjölda okutækja í umferðinni.

Starfsmenn félagsins sem gera samgöngusamning við fyrirtækið skuldbinda sig til að ferðast á vistvænan máta til og frá vinnu og fá til þess fjárhagslegan stuðning. Að jafnaði þarf að nýta almenningssamgöngur eða eigin orku þrisvar í viku.



FISK Seafood ehf. hlaut forvarnarverðlaun VÍS árið 2014.



Valkyrja Vilborg Arna á toppnum.

Ferðapjónustuklasinn

VÍS tók þátt í klasasamstarfi innan íslensku ferðapjónustunnar sem hefur það meginmarkið að efla samkeppnishæfni og verðmætasköpun innan atvinnugreinarinnar. Í samstarfinu lagði VÍS sérstaka áherslu á að nýtt yrðu tækifæri í ferðapjónustunni til að efla öryggismál og forvarnir, s.s. í öryggismálum starfsmanna, eld- og slysavörnum, öryggis- og viðbragðsáætlunum.

Ókeypis viðgerð á framrúðu

Í flestum tilfellum er hægt að gera við framrúðu bíls eftir steinkast ef skemmdin er smærri en 100 króna peningur og ekki í sjónlínu ökumanns. Mikilvægt er að þurrka vel yfir skemmdina um leið og hún myndast og setja svo kallaðan framrúðuplástur þétt yfir þannig að hvorki komist vatn né óhrainindi í sárið. Því er gott að eiga slíkan plástur í bílnum en hann er hægt að nálgast á næstu þjónustuskrifstofu VÍS.

Til að gera við skemmda rúðu eftir steinkast þarf að panta tíma á næsta verkstæði þar sem slíkt er gert. Þau eru um allt land og tekur viðgerð að jafnaði tvö til þrjú korter. Viðgerð á framrúðu er varanleg og í fæstum tilfellum sjást nokkur ummerki hennar.

Viðgerð kostar ekki krónu fyrir viðskiptavinum sem eru með bílrúðutryggingu. Þurfi að skipta um rúðu greiða þeir aftur á móti 12-15 þúsund krónur í eigin áhættu. Hjá VÍS hefur hlutfall viðgerða á

móti skiptum vaxið hratt undanfarin ár; 2010 var það 3,6% en var komið í 8,2% árið 2013. Ætla má að hlutfallið gæti auðveldlega verið fjórðungur.

Öryggis og þjónustuhandbók

Í samræmi við umhverfis- og samfélagsstefnu VÍS er lögd áhersla á að þeir sem veita viðskiptavinum félagsins einhvers konar þjónustu skuli fullnægja ákvæðum laga og reglugerða er varða starfsemi þeirra. Til dæmis um umhverfis- og öryggisþætti sem og kröfum Vinnueftirlitsins og annarra opinberra stofnana sem hlut eiga að máli. Þetta felur meðal annars í sér að þeir sem starfa fyrir hönd VÍS noti viðeigandi öryggisbúnað og tryggi öryggi sitt og umhverfi eins og best verður á kosið hverju sinni.

Til að fylgja þessu eftir hefur VÍS gefið út *Öryggis- og þjónustuhandbók* fyrir þá sem vinna verk á vegum VÍS. Henni er ætlað að skýra áherslur og reglur um öryggi starfsmanna og verktaka á vegum VÍS er varðar öryggi og heilbrigði á vinnustað og hvernig verklagi skuli háttað við vinnu hjá viðskiptavinum félagsins. Verktökum er skylt að kynna sér og þekkja ábyrgð sína og þær ráðstafanir sem gera þarf til að tryggja öryggi á verkstöðum VÍS.

Vilborg Arna

VÍS leggur Vilborgu Örne Gissurardóttur ævintýrakonu lið við að ná takmarki sínu og komast á hæsta fjallstind hverrar heimsálfu og leggja svo norðurlínuna að fótum sér. Slíkt þrekvirkir krefst rækilegs undirbúnings. Segja má að hún þurfi að kljást við margt það sama og stjórnendur fyrirtækja; taka réttar ákvarðanir við erfiðar aðstæður með hámarks arðsemi í huga. Góður undirbúningur, skýr sýn og agi tvinnast saman þegar ná þarf markmiði þar sem árangurinn ræðst af áhættumati og skjótum ákvörðunum í erfiðum aðstæðum. Vilborg Arna kemur fram fyrir hönd VÍS og miðlar af reynslu sinni um mikilvægi forvarna enda markmið okkar allra ekki bara að komast á leiðarenda heldur fyrst og fremst að koma heil heim.

Stefna VÍS í styrktarmálum

VÍS styður og styrkir ýmis verkefni sem til heilla horfa fyrir land og þjóð með stuðningi við fjölmörg líknaðfélög, íþróttafélög og menningarstarf. Viðskiptavinir hafa til að mynda notið góðs af samstarfi við Leikfélag Reykjavíkur.

Eitt það ánægjulegasta sem félagið tók þátt í á þessu sviði á síðasta ári var að rjúfa einangrun fimm alvarlega fatlaðra ungmenna að Móvaði í Reykjavík. Fyrir tilstuðlan VÍS og fleiri bakhjarla fékk Vínafélag Móvaðsbarna sérútbúinn bíl afhentan á vordögum sem skiptir sköpum fyrir íbúanna. Með bifreiðinni hefur tekist að rjúfa einangrun ungmennanna og auka lífsgæði. Áður þurfti að panta þjónustu með sólarhrings fyrirvara til að þau kæmust leiðar sinnar en nú er hægt að bregðast samstundis við þegar svo ber undir.

Ferðafélag Íslands

VÍS er einn af aðalstyrktaraðilum Ferðafélags Íslands og einn af bakhjörllum Ferðafélags barnanna hjá FÍ. Markmið VÍS er að styðja FÍ í hlutverki sínu að hvetja fólk til útivistar og í leiðinni að auka áhuga Íslendinga á landinu sínu, náttúru þess, sögu og efla vitund þeirra um nauðsyn varfærni í samspili manns og náttúru með slysavarnir að leiðarljósi.

Landssamband hestamannafélaga

VÍS hefur stutt dyggilega við starf Landssambands hestamannafélaga sem aðal bakhjarl þess undanfarin ár. Mikilvægt er að huga vel að forvörnum og öryggismálum meðal hestamanna. Liður í því var samstarf VÍS og LH um sérstök endurskinsmerki til að auka sýnileika hesta og knapa. Íþróttin laðar til sín stigvaxandi fjölda iðkenda ár hvert og er þriðja vinsælasta íþrótt landsins.

Meistaradeildin í hestaíþróttum

VÍS hefur verið aðal bakhjarl Meistaradeildarinnar í hestaíþróttum undanfarin 8 ár. Bestu knapar landsins leiða þar saman bestu gæðingana og því óhætt að fullyrða að glæsilegri hestakost geti vart að líta á einum stað að vetri. Þetta er sex móta röð og keppt að Ingólfshvoli í Ölfusi.

Hundaræktarfélag Íslands

VÍS og Hundaræktarfélag Íslands hafa um árabíl átt farsæla samleið þar sem VÍS hefur stutt með markvissum hætti við starfsemi HRFÍ. Lögð er áhersla á að auka vitund landsmanna um ábyrgt hundahald og góða umönnun dýranna, auka fræðslu um hunda, meðhöndlun þeirra og heilbrigði.

VÍS bauð viðskiptavinum sem tryggja hunda sína hjá fyrirtækinu að koma með þá í myndatöku á hundaræktarsýningu undir lok árs. Þeir sem þekktust boðið fengu fallega mynd af besta vininum senda.

VÍS mótið í Laugardal

Yfir 2.000 börn á aldrinum 4-9 ára í 230 liðum reyndu með sér á VÍS mótinu í knattspyrnu sem fram fór sl. vor í Laugardalnum í Reykjavík. Ætla má að annar eins fjöldi foreldra og aðstandenda hafi lagt leið sína í Laugardalinn þessa skemmtilegu helgi, að ógleymdum um 200 sjálfboðaliðum frá þrótti sem gera þennan viðburð ógleymanlegan á ári hverju. Í leikslök voru allir keppendur leystir út með verðlaunapeningi, vatnsbrúsa, buffi og fleiru frá VÍS. Þetta er í níunda sinn sem mótið er haldið og sem fyrr undir merkjum jákvæðs anda og skemmtunar fyrir alla fjölskylduna.







Við vitum að allt getur gerst

vís

Stjórnarháttayfirlýsing

Vátryggingafélags Íslands hf.

Við yfirlýsingu þessa um stjórnarhætti Vátryggingafélags Íslands hf. (VÍS), hefur félagið stuðst við leiðbeiningar sem fram koma í ritinu „Stjórnarhættir fyrirtækja“ 4. útgáfu sem kom út í marsmánuði 2012, útgefið af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Stjórn telur að hlutverk og ábyrgð þeirra sem mynda stjórnkerfi fyrirtækisins verði skýrari með því að fylgja leiðbeiningunum. Sá rammi sem fyrirtækinu er settur með lögum, reglugerðum, samþykktum og skýrum innanhússreglum auðveldar störf starfsmanna, eykur gagnsæi og styrkir þannig innviði fyrirtækisins, auk þess að treysta hag allra haghafa, svo sem viðskiptavina, hluthafa, starfsmanna og samfélagsins í heild.

VÍS er hlutafélag sem stofnað var 5. febrúar 1989 af Brunabótafélagi Íslands og Samvinnutryggingum gt. og starfar m.a. samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi nr. 56/2010 og lögum um hlutafélög nr. 2/1995. Vátryggingafélög eru einnig eining tengd almannahagsmunum sbr. staflíð d í 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008, sbr. 14. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. VÍS sem vátryggingafélag lýtur eftirliti Fjármálefirlitsins og er starfsleyfis skylt.

VÍS var skráð á hlutabréfamarkað árið 2013. Skráningarlýsing var gefin út þann 27. mars 2013 og fór almennt útboð á tæplega 70% hluta félagsins fram þann 12. til 16. apríl sama ár. Hlutirnir voru teknir til viðskipta á aðalmarkaði Kauphallar Íslands þann 24. apríl 2013.


Á starfsárinu 2013 fylgdi VÍS lögum, samþykktum og starfsreglum stjórnar. Stjórn VÍS telur stjórnarhætti félagsins í samræmi við framangreindar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja fyrir utan að stjórn hefur ekki skipað sérstaka tilnefningarnefnd.

VÍS birtir reglur félagsins og annað efni sem leiðbeiningar Viðskiptaráðs gera ráð fyrir að félög birti á vefsíðu sinni á sérstöku svæði fyrir fjárfesta (www.vis.is). Þar má m.a. finna starfsreglur stjórnar og undirnefnda hennar, fundargerðir hluthafafunda, siðasáttmála og stefnu um samfélagsábyrgð.

Lög um vátryggingastarfsemi og hlutafélög má finna á vefsíðu Alþingis (www.althingi.is). Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 4. útgáfu 2012, má finna á vefsíðu Viðskiptaráðs Íslands (www.vi.is).

Stjórnkerfi VÍS

Stjórnkerfi VÍS tekur mið af lögum um hlutafélög með þeim skyldum sem lagðar eru á vátryggingafélög samkvæmt sérlögum.



*Nýtt skipurit VÍS sem tók gildi 1. febrúar 2014 má sjá á bls. 15.

Eignarhald VÍS

VÍS er að 69,07% í eigu almennings í kjölfar almenns útboðs á þessum hluta félagsins sem fram fór 12. til 16. apríl 2013. Klakki ehf. heldur ennþá á 30,93% hlut í félaginu. Í lok árs 2013 voru hluthafar félagsins 1303 talsins. Eins og fram kemur í upplýsingastefnu félagsins sem finna má á vefsíðu VÍS þá geta hluthafar sem vilja beina fyrirspurnum til stjórnar eða gera grein fyrir viðhorfum sínum tengdum rekstri sent tölvupóst á stjorn@vis.is.

Hlutverk og gildi VÍS

VÍS er traust, leiðandi og framsækið þjónustufyrirtæki sem veitir viðskiptavinum viðeigandi váttryggingavernd og stuðlar að öryggi í samfélaginu með öflugum forvörnum.

Gildi VÍS eru umhyggja, fagmennska og árangur, og með þessi gildi að leiðarljósi var unnið að lykilverkefnum sem stefna félagsins byggði á.

VÍS stefnir á næstu árum að því að verða það tryggingafélag sem aðrir líta til sem fyrirmyndar á öllum sviðum; í rekstri, í ánægju viðskiptavina, í rafrænni þjónustu og í árangursríku forvarnarsarfi. Jafnframt því viljum við gera góðan vinnustað framúrskarandi.

Lykiláherslur í stefnu VÍS eru:

- Framúrskarandi þjónusta og forvarnir.
- Sækjum og ræktum mikilvæg viðskiptasambönd.
- Einfaldleiki að leiðarljósi.
- Árðsamur rekstur.
- Öflug liðsheild.

Hluthafafundur

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum VÍS í samræmi við lög og samþykktir félagsins, en þar fara hluthafar með ákvörðunarvald sitt í málefnum félagsins. Aðalfund VÍS skal halda fyrir lok marsmánaðar ár hvert þar sem tekin eru fyrir mál sem lög og samþykktir félagsins kveða á um. Á aðalfundi er kosin stjórn og varastjórn félagsins, lagður fram endurskoðaður ársreikningur fyrir liðið ár, þóknun til stjórnar ákveðin, tillögur stjórnar um starfskjarastefnu og ákvörðun tekin um ráðstöfun hagnaðar eða taps félagsins. Á síðasta starfsári var haldinn einn hluthafafundur fyrir utan aðalfund.

Samþykktir

Samþykktir eru hluti af stofnskjöllum hlutafélaga. Samþykktir VÍS geyma m.a. reglur um tilgang félagsins, hlutafé, hluthafafundi, stjórn, ársreikninga og endurskoðun.

Stjórn

Stjórn VÍS samanstendur af Friðriki Hallbirni Karlssyni formanni sem setið hefur í stjórn frá 2013, Guðrínu Þorgeirsdóttur, vara-

formanni stjórnar sem setið hefur í stjórn VÍS frá 2010, Helgu Jónsdóttur sem setið hefur í stjórn síðan 2010, Steinari Þór Guðgeirssyni og Ástu Dís Óladóttur sem bæði hafa setið frá 2013. Af samsetningu stjórnar má sjá að VÍS uppfyllir skilyrði hlutafélaga um kynjakvóta sem tóku gildi 1. september 2013. Þess má geta að varastjórn VÍS uppfyllir einnig skilyrðið um kynjakvóta. Auknar kröfur eru gerðar til hæfis stjórnarmanna váttryggingafélaga, sem þurfa að gangast undir sérstakt hæfismat Fjármálaeftirlitsins. Stjórn VÍS skipa 5 einstaklingar sem allir hafa staðist framangreint hæfismat. Allir stjórnarmenn VÍS eru óháðir félaginu en Guðrún Þorgeirsdóttir telst háð stærsta eigandanum, Klakka ehf. Þar sem stutt er síðan hún var starfsmaður Klakka ehf. Ítarlegri upplýsingar um stjórnarmenn eru aftar í yfirlýsingu þessari.

Stjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda með þeim takmörkunum sem leiða af lögum, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar. Stjórnarformaður hefur tilteknu hlutverki að gegna sem mælt er fyrir um í starfsreglum stjórnar VÍS og gert er ráð fyrir að hann sinni þegar tekið er mið af áðurnefndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Stjórn VÍS hélt 23 stjórnarfundi á árinu 2013. Stjórnarmenn mættu mjög vel á stjórnarfundi. Í eitt skipti var af óviðráðanlegum ástæðum haldinn stjórnarfundur með fjórum stjórnarmönnum. Í tvö skipti til viðbótar voru forföll hjá aðalmönnum en í þeim tilvikum náðist að kalla varastjórnarmenn til fundar. Stjórn var því ætíð ákvörðunarbær.

Undirnefndir stjórnar

Stjórn hefur skipað tvær undirnefndir stjórnar, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Samkvæmt lögum um ársreikninga skal vera til staðar endurskoðunarnefnd hjá váttryggingafélögum. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja mæla með því að starfskjaranefnd sé til staðar.

Endurskoðunarnefnd

Í endurskoðunarnefnd VÍS sitja þrír fulltrúar. Hana skipa Vignir Rafn Gíslason endurskoðandi, sem er formaður nefndarinnar, Helga Jónsdóttir, stjórnarmaður í VÍS og Ásta Dís Óladóttir, stjórnarmaður í VÍS. Nefndarmenn eru allir óháðir VÍS og stærsta einstaka eiganda félagsins Klakka ehf. Nefndin hefur sett sér starfsreglur sem staðfestar voru af stjórn. Hlutverk endurskoðunarnefndar er að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, áhættugreiningu og virkni innra eftirlits. Hún á að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga félagsins og óhæði endurskoðenda þess. Starfsreglur endurskoðunarnefndar má finna á vefsíðu VÍS. Endurskoðunarnefnd fundaði 13 sinnum á árinu 2013 og mættu allir nefndarmenn til fundar í öll skiptin. Endurskoðunarnefnd starfar á ábyrgð stjórnar félagsins.

Starfskjaranefnd

Í starfskjaranefnd sitja þrír fulltrúar úr stjórn VÍS. Starfskjaranefnd VÍS skipa Friðrik Hallbjörn Karlsson, formaður stjórnar VÍS, Guðrún Þorgeirsdóttir, varaformaður stjórnar VÍS og Helga Jónsdóttir, stjórnarmaður í VÍS. Hallbjörn og Helga eru óháð VÍS og Klakka ehf. Guðrún er óháð VÍS en háð Klakka ehf. Upplýsingar um stjórnarmenn má finna aftar í yfirlýsingu þessari. Starfskjaranefndin starfar eftir starfsreglum sem hún hefur sett sér og staðfestar voru af stjórn. Hlutverk starfskjaranefndar er í meginatriðum að gera tillögu að starfskjarastefnu félagsins og hafa eftirlit með framfylgd hennar. Tryggja að laun og önnur starfskjör séu til samræmis við lög og góða stjórnarhætti með hag félagsins og starfsmanna að leiðarljósi. Starfskjaranefnd skal taka sjálfstæða afstöðu til áhrifa launa á áhættutöku og áhættustýringu félagsins í samráði við endurskoðunarnefnd félagsins. Starfskjaranefnd fundaði 6 sinnum á árinu og mættu allir nefndarmenn til fundar í öll skiptin.

Forstjóri

Forstjóri er ráðinn af stjórn og ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins samkvæmt stefnu og ákvörðun stjórnar. Forstjóri ber ábyrgð á að greina, mæla, fylgjast með og hafa eftirlit með áhættum sem starfsemi félagsins fylgja. Honum ber að viðhalda skipuriti sem skýrt tilgreinir ábyrgðarsvið, heimildir starfsmanna og boðleiðir. Lagarammi váttryggingafélaga gerir einnig kröfur um hæfi forstjóra váttryggingafélags en hann þarf að gangast undir sérstakt hæfismat Fjármálaeftirlitsins. Forstjóri VÍS hefur staðist framangreint hæfismat. Upplýsingar um forstjóra félagsins eru aftar í yfirlýsingu þessari.

Framkvæmdastjórn VÍS samanstendur af forstjóra og framkvæmdastjórum þeirra sex sviða sem félagið hefur á að skipa. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á váttryggingarekstri félagsins og því sem honum tengist.

Hjá VÍS er starfandi fjárfestingaráð sem samanstendur af forstjóra, framkvæmdastjóra fjármálasviðs og forstöðumanni fjárfestinga. Fjárfestingaráð starfar á grundvelli innri reglna félagsins þegar kemur að ákvarðanatöku um tiltekna viðamiklar fjárfestingar VÍS.

Á skrifstofu forstjóra er starfandi áhættustýring, lögfræðiráðgjöf og fjárfestingar undir stjórn forstöðumanna þessara eininga. Forstöðumenn heyra undir forstjóra VÍS.

Áhættustýring og innra eftirlit

Innan VÍS er virk áhættustýring sem hefur það hlutverk að stjórna þeirri rekstartengdu áhættu sem félagið býr við. Þessir áhættuþættir eru váttryggingaáhætta, samþjöppunaráhætta, vaxtaáhætta, gengisáhætta, verðáhætta markaðsverðbréfa, útlánaáhætta og lausafjáraáhætta. Unnið er að innleiðingu samhæfðrar

áhættustýringar í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2011 um áhættustýringu váttryggingafélaga. Þá vinnur félagið að undirbúningi vegna væntanlegrar nýrrar löggjafar um váttryggingastarfsemi, s.k. „Solvency II“ tilskipunar, sem tekur gildi 1. janúar 2016.

Skipaðir hafa verið vinnuhópar til að sjá um undirbúning einstakra þátta samkvæmt kröfum tilskipunarinnar. Einn liður í undirbúningi félagsins fyrir gildistöku Solvency II er gerð stefnu um samhæfða áhættustýringu auk stefna um tiltekna áhættuþætti, s.s. rekstraráhættu, markaðsáhættu og váttryggingaáhættu. Framangreindar stefnur, ásamt nokkrum öðrum voru staðfestar af endurskoðunarnefnd og stjórn félagsins á árinu 2013. Stefnt er að því að ljúka öllum stefnum sem varða Solvency II í upphafi árs 2014.

Félagið er með vel skipulagt og áreiðanlegt innra eftirlit sem er órjúfanlegur hluti samhæfðrar áhættustýringar. Innra eftirlit er ferli sem er mótað af stjórn félagsins, stjórnendum þess og starfsmönnum og er ætlað að veita hæfilega vissu um og stuðla að því að félagið nái markmiðum sínum um:

- Árangur og skilvirkni í starfseminni (rekstartengd markmið).
- Að fjárhagsupplýsingar séu áreiðanlegar (markmið um réttar fjárhagsupplýsingar).
- Að fylgt sé lögum og reglum í hvívetna (markmið um að starfsemi sé í samræmi við lög og reglur).

Innra eftirlit birtist m.a. í verklagsreglum félagsins, siðareglum og starfsmannastefnu. Innra eftirlit er eðlilegur hluti af starfsemi félagsins og er samtvinnnað rekstri þess.

Lögmæltar innri reglur, siðasáttmáli og stefna um samfélagsábyrgð

Árið 2013 voru í gildi eftirfarandi innri reglur sem settar hafa verið af stjórn félagsins og staðfestar af Fjármálaeftirlitinu sbr. lög um váttryggingastarfsemi:

- Reglur um fjárfestingastarfsemi.
- Almennar lánareglur.
- Reglur um innra eftirlit.
- Reglur um innri endurskoðun.
- Reglur um viðskipti við tengda aðila.
- Reglur um hæfi lykilstarfsmanna.

Stjórn hefur einnig sett reglur um viðskipti félagsins, stjórnar þess og starfsmanna, með fjármálagerninga. Regluvörður hefur eftirlit með því að reglum um þessi viðskipti sé fylgt. Regluvörður hefur einnig umsjón með því að reglum Fjármálaeftirlitsins um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja nr. 1050/2012 sem settar eru á grundvelli 132. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 sé framfylgt hjá félaginu.

Stjórn staðfesti siðasáttmála félagsins á árinu 2013. Siðasáttmáli VÍS byggir á hugmyndum starfsmanna félagsins um hvernig þeim beri að haga störfum sínum og lýsir þannig viðhorfum þeirra og væntingum um gæði starfseminnar. Gildi VÍS voru höfð að leiðarljósi við samningu sáttmálans sem út frá þeim lýsa því sambandi sem stjórn og starfsmenn vilja eiga við viðskiptavinum, samstarfsmenn, hluthafa, eftirlitsstofnanir, samfélagið okkar og samkeppnisaðila.

Stefna VÍS um samfélagsábyrgð byggir á sex meginstoðum: forvörnum, samstarfsaðilum, stjórnarháttum, mannauði, umhverfi og samfélagi. VÍS stefnir út frá þeim að stuðla að forvörnum, umhverfis- og öryggismálum, góðum stjórnarháttum, jafnrétti, líknarmálum, menningar- og íþróttamálum.

Árangursmat stjórnar

Stjórn félagsins hefur framkvæmt formlegt árangursmat (sjálfsmat) vegna starfa sinna á árinu 2012-2013 sem hún leggur til grundvallar til að bæta störf stjórnar á komandi starfsári. Stjórn taldi að allir stjórnarmenn hefðu unnið störf sín af áhuga og samviskusemi. Stjórnarmenn mættu vel og tóku allir virkan þátt í störfum stjórnarinnar. Stjórn horfði sérstaklega til þess hvernig henni tókst að uppfylla fjárhags- og starfsáætlun sína fyrir liðið starfsár.

Innri endurskoðun

Innri endurskoðun er hluti af skipulagi VÍS og þáttur í eftirlitskerfi félagsins. Innri endurskoðun starfar í umboði stjórnar samkvæmt sérstöku erindisbréfi eða samningi og er óháð annarri starfsemi félagsins.

Aðaláhersla innri endurskoðunar er að meta hvort innra eftirlit í daglegri starfsemi sé í fullnægjandi horfi þannig að:

- Áhætta sé greind með fullnægjandi hætti og henni stjórnað.
- Mikilvægar upplýsingar séu nákvæmar, áreiðanlegar og viðeigandi.
- Gjörðir starfsmanna samræmist stefnu og verklagsreglum.
- Verðmæta sé gætt, þau nýtt og þeirra aflað með sem hagkvæmustum hætti.
- Markmiðum sé náð og áætlanir standist.
- Stöðugt gæða- og umbótastarf sé samþætt eðlilegri starfsemi.
- Farið sé að lögum og reglum.

Ytri endurskoðun

Í samræmi við lög um váttryggingastarfsemi og samþykktir VÍS þá er endurskoðunarfélag fyrirtækisins kosið á aðalfundi. Endurskoðunarfélag VÍS skal jafnan hafa aðgang að öllum gögnum og skjölum félagsins en um framkvæmd vísast nánar til laga um váttryggingastarfsemi og laga um ársreikninga. KPMG ehf. var kosið endurskoðunarfélag VÍS á aðalfundi félagsins þann 7. mars 2013.

Stjórn

Á hluthafafundi 30. maí 2013 var eftirtalin stjórn kjörin og hefur verið þannig skipuð síðan:



Formaður stjórnar

Nafn:	Friðrik Hallbjörn Karlsson. Hallbjörn á óbeint hluti í VÍS gegnum eignarhald sitt í einkahlutafélagi sem á 5,23% hlut í VÍS. Um er að ræða Hagamel ehf. Hagamelur telst ekki stór hluthafi. Hallbjörn á einnig 0,008% hlut í VÍS með beinum hætti. Hallbjörn telst miðað við framangreint óháður stjórnarmaður.
Fæðingardagur:	18. mars 1966.
Starfsstöð:	VÍS, Ármúla 3, 108 Reykjavík.
Menntun:	B.Sc. í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands 1990, M.Sc. í vélaverkfræði frá Stanford University 1993 og MBA frá INSEAD í Frakklandi 2000.
Fyrst kjörinn:	30. maí 2013.
Stjórnarseta	Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Líftryggingafélag Íslands hf. (formaður stjórnar), Vattarnes ehf. (formaður stjórnar og framkvæmdastjóri), Hagar hf. (meðstjórnandi), Hagamelur ehf. (meðstjórnandi og framkvæmdastjóri), Vogabakki ehf. (meðstjórnandi) og Valka ehf. (meðstjórnandi).
Starfsreynsla:	Störf tengd eigin fjárfestingum. Einn af aðaleigendum Húsasmiðjunnar hf. 2002-2005 og sat í stjórn þess félags. Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings hf. 2001-2002, Marel Seattle Inc. 1996-1999 og Marel hf. 1993-1996.



Varaformaður stjórnar

Nafn:	Guðrún Þorgeirsdóttir. Hún á 0,0038% hlut í VÍS. Guðrún er fyrrum fjárfestingastjóri Klakka ehf. Guðrún telst því háð Klakka ehf. sem á 30,93% hlut í VÍS.
Fæðingardagur:	8. september 1979.
Starfsstöð:	VÍS, Ármúla 3, 108 Reykjavík.
Menntun:	B.Sc. í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands 2003, MBA frá HEC School of Management 2005. Löggiltur verðbréfamiðlari 2012.
Fyrst kjörin:	8. desember 2010.
Stjórnarseta:	Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Líftryggingafélag Íslands hf. (varaformaður stjórnar).
Starfsreynsla:	Skeljungur hf., framkvæmdastjóri Viðskiptaþróunarviðs frá 2013, Klakki ehf., fjárfestingastjóri 2010-2013, framkvæmdastjóri áhættustýringar 2006-2010, áhættustýring Kaupþings banka hf. 2001-2003, ýmis stjórnarstörf í fjármála-, verslunar- og þjónustufyrirtækjum.



Stjórnarmaður

Nafn:	Helga Jónsdóttir. Hún á 0,0025% í VÍS. Helga er óháður stjórnarmaður,
Fæðingardagur:	23. desember 1967.
Starfsstöð:	VÍS, Ármúla 3, 108 Reykjavík.
Menntun:	Cand. jur. í lögfræði frá Háskóla Íslands 1992, héraðsdómslögmannsréttindi 1995.
Fyrst kjörinn:	8. desember 2010.
Stjórnarseta:	Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Líftryggingafélag Íslands hf. (meðstjórnandi) og Algrím ehf. (meðstjórnandi).
Starfsreynsla:	Rekur Silfurberg Sveitahótel. Lögfræðingur hjá Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF) 2008-2010, lögfræðingur hjá Sjóvá- Almennum tryggingum hf. 1997-2007, fulltrúi á lögmannsstofu Ingimundar Einarssonar hrl. 1994-1997, framkvæmdastjóri Lögfræðingafélags Íslands 1993-1995, lögfræðingur í dómsmálaráðuneytinu 1992-1993.



Stjórnarmaður

- Nafn:** Steinar Þór Guðgeirsson. Hann á óbeint hluti í VÍS gegnum eignarhald sitt í einkahlutafélagi sem á 0,8% hlut í VÍS. Um er að ræða Íscap ehf. Íscap telst ekki stór hluthafi og Steinar því óháður stjórnarmaður.
- Fæðingardagur:** 19. ágúst 1971.
- Starfsstöð:** VÍS, Ármúla 3, 108 Reykjavík.
- Menntun:** Cand. jur. í lögfræði frá Háskóla Íslands 1997, héraðsdómslögmannsréttindi 1998 og hæstaréttarlögmannsréttindi 2004.
- Fyrst kjörinn:** 30. maí 2013.
- Stjórnarseta:** Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Líftryggingafélag Íslands hf. (meðstjórnandi), Íslög ehf (meðstjórnandi).
- Starfsreynsla:** Lögmaður og eigandi Íslaga lögmannsstofu ehf. frá 2012, ráðgjafi og eigandi í Íscap ehf. frá 2012, formaður skilanefndar Kaupþings banka hf. 2008-2012, lögmaður og eigandi Lögfræðistofu Reykjavíkur 1999-2011 og þar af sem faglegur framkvæmdastjóri 2001-2009, ýmis stjórnunarstörf skráðra og óskráðra félaga á Íslandi og erlendis.



Stjórnarmaður

- Nafn:** Ásta Dís Óladóttir. Hún er óháður stjórnarmaður.
- Fæðingardagur:** 4. desember 1972.
- Starfsstöð:** VÍS, Ármúla 3, 108 Reykjavík.
- Menntun:** BA próf í félagsfræði frá Háskóla Íslands 1999, Msc í stjórnun og stefnumótun frá Háskóla Íslands 2001 og Ph.D í alþjóðaviðskiptum, 2010 frá Viðskipta-háskólanum í Kaupmannahöfn.
- Fyrst kjörinn:** 30. maí 2013.
- Stjórnarseta:** Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Líftryggingafélag Íslands hf. (meðstjórnandi).
- Starfsreynsla:** Framkvæmdastjóri hjá Friðhöfninni ehf. frá 2010, dósent og forseti Viðskipta-deildar við Háskólann á Bifröst (2007-2010), stundakennari við Copenhagen Business School og Háskólann í Reykjavík (2005-2010), framkvæmdastjóri Heilsuverndarstöðvarinnar (2004-2007), framkvæmdastjóri FVH (2000).



Forstjóri

- Nafn:** Sigrún Ragna Ólafsdóttir. Hún á 0,2% hlut í VÍS.
- Fæðingardagur:** 18. ágúst 1963.
- Starfsstöð:** VÍS, Ármúla 3, 105 Reykjavík.
- Menntun:** Cand. Oecon frá Háskóla Íslands árið 1987, löggiltur endurskoðandi árið 1990. MBA frá Háskólanum í Reykjavík 2007.
- Stjórnarseta:** Seta í stjórnnum eftirtalinna félaga (og framkvæmdastjórn ef tekið fram): Múlaberg ehf. (stjórnarmaður), SVÍV ses. (meðstjórnandi), Viðskiptaráð Íslands (meðstjórnandi), Samtök fjármálafyrirtækja (varaformaður).
- Starfsreynsla:** Forstjóri VÍS og Lífis frá september 2011. Hún var framkvæmdastjóri fjármálasviðs Íslandsbanka frá 2010, framkvæmdastjóri Fjármála og reksturs hjá Íslandsbanka frá stofnun hans í október 2008, forstöðumaður fjárhagssviðs Glitnis banka frá 2007, endurskoðandi hjá Deloitte frá 1986 og meðeigandi frá 1992 til 2007.





Við vitum að allt getur gerst

VÍS

Ársreikningur 2013

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samstæðureikningur Vátryggingafélags Íslands hf. („félagið“ eða „VÍS“) fyrir árið 2013 er gerður í samræmi við alþjóðlega reiknings-skilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Aðalstarfsemi félagsins felst í vátryggingastarfsemi og fjárfestingum. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélags þess Líftryggingafélags Íslands hf. sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“.

Rekstur

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður samstæðunnar á árinu 2013 2.154 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar 46.254 milljónum króna og bókfært eigið fé nam í árslok 16.624 milljónum króna.

Hlutfé og samþykktir

Skráð hlutfé félagsins nam í lok ársins 2.502 milljónum króna, og er hver hlutur í félaginu ein króna að nafnverði. Allir hlutir eru í sama flokki og njóta sömu réttinda. Hluthafar voru í ársbyrjun tveir talsins og í árslok voru þeir 1.303.

Hlutaþríf í félaginu voru skráð á hlutaþrífamarkað á árinu. Skráningarlýsing var gefin út þann 27. mars 2013 og fór almennt útboð á tæplega 70% hlut í félaginu fram 12. til 16. apríl. Hlutirnir voru teknir til viðskipta á aðalmarkaði Kauphallar Íslands þann 24. apríl 2013. Einn hluthafi átti meira en 10% hlutafjár í árslok, Klakki ehf, en tíu stærstu hluthafar í árslok voru:

Nafn hluthafa	Eignarhlutur
Klakki ehf.	30,9%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	9,1%
Stefnir - ÍS 15	6,2%
Hagamelur ehf.	5,2%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	4,8%
A.C.S safnreikningur I	3,8%
Landsbréf - Úrvalsbréf	3,2%
Straumur fjárfestingabanki hf.	3,1%
Auður Capital safnreikningur	2,7%
Stefnir - ÍS 5	2,5%

Stjórn félagsins mun á aðalfundi leggja til að arður að fjárhæð 1.831 milljón króna, verði greiddur til hluthafa vegna ársins 2013. Er til-lagan í samræmi við arðgreiðslustefnu félagsins. Að öðru leyti er vísað í ársreikninginn um breytingar á eigin fé samstæðunnar og ráð-stöfun hagnaðar.

Stjórnarhætti

Um stjórnarhætti vátryggingafélaga er fjallað í lögum um vátryggingastarfsemi, lögum um hlutafélög, samþykktum og starfsreglum stjórnar félagsins. VÍS hefur fylgt framangreindu en auk þess telur stjórn VÍS stjórnarhætti félagsins í samræmi við leiðbeiningar Við-skriptaráðs Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja fyrir utan að stjórn hefur ekki skip-að sérstaka tilnefningarnefnd. Í samræmi við ofangreindar leiðbeiningar um góða stjórnarhætti og lög um ársreikninga hefur stjórn félagsins útbúið stjórnarháttayfirlýsingu sem birt verður í ársskýrslu félagsins og sem fylgirit með ársreikningi.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðureikningur Vátryggingafélags Íslands hf. gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2013 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. desember 2013. Jafnframt er það álit okkar að sam-stæðureikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar í árslok og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við. Frekari upplýsingar sem tengjast áhættustýringu má finna í skýringum 27.3-27.13 í ársreikningnum.

Stjórn og forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf. hafa í dag farið yfir samstæðureikning félagsins fyrir árið 2013 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 25. febrúar 2014

Í stjórn


Friðrik Hallbjörn Karlsson
stjórnarformaður


Guðrún Þorgeirsdóttir
varaformaður


Steinar Þór Guðgeirsson


Helga Jónsdóttir


Ásta Dís Óladóttir

Forstjóri


Sigrún Ragna Ólafsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Vátryggingafélagi Íslands hf.

Fjáreignir haldið til gjalddaga BB/B	1.608.399	1.584.131
Önnur markaðsverðbréf	7.113.101	5.069.379
Veðlán og önnur útlán	191.067	252.108
Viðskiptakröfur	4.811.381	4.797.117
Kröfur á endurtryggjendur	42.316	10.267
Aðrar kröfur	994.059	915.937
Handbært fé	2.661.796	4.318.165
	37.236.109	37.279.345

Hámarksútlánaáætta samstæðunnar er sú bókfærða staða sem sundurliðuð er hér að ofan.

27.8 Lausafjáraáætta

Lausafjáraáætta er hættan á að samstæðan lendi í erfiðleikum við að mæta fjárhagslegum skuldbindingum sínum í framtíðinni.

Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur hafa. Sérstök áhersla er lögð á að til sé laust fé til að mæta þeim hluta tjónaskuldar sem væntanlegur er til greiðslu hverju sinni sem og öðrum skuldum. Laust fé samstæðunnar dugar mjög vel til þess að standa straum af væntu fjárútreymi.

Vænt sjóðflæði skulda, án vaxta, greinist þannig:

31.12.2013	Innan eins árs	2015	2016+	Samtals
Tjónaskuld	9.980.043	5.622.098	6.107.684	21.709.825
Viðskiptaskuldir og aðrar skammt.sk.	741.693	0	0	741.693
31.12.2012	Innan eins árs	2014	2015 +	Samtals
Tjónaskuld	9.678.003	5.365.564	5.771.025	20.814.592
Viðskiptaskuldir og aðrar skammt.sk.	1.484.540	0	0	1.484.540

27.9 Vátryggingaáætta

Vátryggingaáætta er hættan sem felst í því að iðgjöld sem innheimt eru hjá vátryggingatökum dugi ekki til að mæta þeim skuldbindingum sem leiða af gerðum vátryggingasamningum.

Helstu þættir vátryggingaáættu eru tjónatíðniáætta, tjónsfjárhæðaáætta, endurtryggjendaáætta og vátryggingaskuldaráætta. Hér á eftir verður gerð nánar grein fyrir þessum áhættuþáttum og birtar ýmsar kennistærðir til skýringar.

27.10 Tjónatíðniáhætta

Tjónatíðniáhætta er hættan á að fjöldi tjóna í einhverri váttryggingagrein eða af einhverri gerð verði meiri en ætlað var og gert er ráð fyrir í iðgjaldagrundvelli viðkomandi greinar.

Stjórnendur fylgjast náið með tjónatíðni í hverri grein, einkum í tryggingum á einkamarkaði svo sem ökutækja-tryggingum, húseigendatryggingum og heimilistryggingum þar sem váttryggingatakar eru margir og tjónatíðni er frekar há. Leitast er við að greina hugsanlega áhættubreytingu og gera viðeigandi ráðstafanir tímanlega. Það dregur úr tjónatíðniáhættu samstæðunnar að dreifa váttryggingaáhættunni sem mest milli greina og svæða. Samstæðan er með starfsemi í öllum greinaflokkum skaðatrygginga og er með öflugt dreifikerfi um allt land, auk lítils háttar starfsemi erlendis. Eftirfarandi tafla sýnir vægi einstakra greinaflokka í iðgjöldum.

Flokkar váttrygginga - Iðgjöld ársins

Eignatryggingar	24,4%
Sjó- og farmtryggingar	3,1%
Lögboðnar ökutækjetryggingar	31,4%
Aðrar ökutækjetryggingar	13,7%
Ábyrgðartryggingar	5,6%
Slysa- og sjúkratryggingar	9,4%
Líf- og heilsutryggingar	7,1%
Endurtryggingar	5,3%

100,0%

Innlend og erlend starfsemi - Iðgjöld ársins

Innlend starfsemi	92,9%
Erlend starfsemi	7,1%

100,0%

27.11 Tjónafjárhæðaáhætta

Tjónafjárhæðaáhætta er sú áhætta að tjónafjárhæðir verði að meðaltali hærri en ætlað var eða hæstu tjónafjárhæðir hærri eða stórtjón verði fleiri en ætlað var.

Flest tjón eru lítil. Tíðni tjóna minnkar eftir því sem tjónafjárhæðin vex, upp í miðlungstjón, stórtjón og stórtjónaatburði eða hamfarir þar sem ýmsar váttryggingagreinar og margir váttryggingatakar geta átt hlut að máli. Til að draga úr tjónafjárhæðaáhættu endurtryggir samstæðan sig. Að teknu tilliti til fjárhagslegrar stöðu sinnar útbýr samstæðan endurtryggingastefnu þar sem kveðið er á um hve mikla áhættu hún er tilbúin til að taka í eigin hlut og með hvaða hætti hún endurtryggir sig. Með endurtryggingum er dregið mjög úr tjónafjárhæðaáhættu, en við það myndast önnur áhætta, endurtryggjendaáhætta.

27.12 Váttryggingaskuldaráhætta

Váttryggingaskuldaráhætta er hættan á að úppgerð tjón eða önnur framtíðaráhætta sem tengist váttryggingastofninum sé vanmetin.

Váttryggingaskuldin skiptist í iðgjaldaskuld og tjónaskuld. Iðgjaldaskuldin er áætluð skuldbinding vegna gildandi váttryggingasamninga fram að næstu endurnýjun þeirra. Tjónaskuld er áætluð skuldbinding vegna orðinna úppgerðra tjóna bæði þeirra sem hafa verið tilkynnt samstæðunni og einnig vegna þeirra tjóna sem hafa orðið en hafa ekki enn verið tilkynnt til samstæðunnar. Styrkur váttryggingaskuldar, líkleg fjárhæð skuldbindinga og öryggi, er metinn eftir tölfræðilegum aðferðum.

Næmigreining

Taflan sýnir hvaða áhrif 1% breyting á tjónafjárhæðum, tjónaskuld og iðgjöldum hafa á afkomu og eigið fé samstæðunnar

	2013	2012
Tjónsfjárhæðir	93.301	96.943
Tjónaskuld	163.296	162.680
Iðgjöld miðað við óbreytt tjóna- og kostnaðarhlutföll	13.436	12.574

27.13 Endurtryggjendaáhætta

Endurtryggjendaáhætta er hættan á að endurtryggjendur greiði ekki sinn hlut í tjónaatburðum. Mörg ár getur tek-ið að gera upp tjónaatburði. Á þeim tíma getur fjárhagsleg staða endurtryggjenda breyst á þann veg að þeir geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Í endurtryggingastefnu samstæðunnar er kveðið á um að endurtryggjendur hennar skuli hafa öryggismat frá alþjóðlegu matsfyrirtæki og sett eru mörk á hve mikla áhættu samstæðan endurtryggir hjá einum endurtryggjanda. Kröfur um öryggismat endurtryggjenda fara eftir áætluðum uppgjörstíma tjóna í viðkomandi samningi, en fjöldi endurtryggjenda á samningi og hámark áhættu hjá einum endurtryggjanda tekur auk þess mið af öryggismati þeirra. Eftirfarandi tafla sýnir hlutfallslega skiptingu iðgjalda til endurtryggjenda eftir öryggismati þeirra árið 2013 og áætlaða skiptingu árið 2014.

	2014	2013
AA+	5,8%	6,0%
AA-	72,6%	73,9%
A+	14,6%	13,0%
A	1,8%	1,8%
A-	4,3%	4,4%
BBB	0,9%	0,9%
	100,0%	100,0%

27.14 Samsett hlutfall og rekstrarhlutfall

Samsett hlutfall sýnir samanlagðan tjónakostnað, rekstrarkostnað og endurtryggingakostnað sem hlutfall af iðgjöldum ársins. Rekstrarhlutfall er hlutfall kostnaðarliða af iðgjöldum ársins að viðbættum fjárfestingatekjum og öðrum tekjum af váttryggingarekstri.

Eftirfarandi tafla sýnir samsett hlutfall, rekstrarhlutfall og aðrar helstu lykiltölur váttryggingarekstrar síðastliðin fimm ár. Lífís varð hluti af samstæðunni 1. apríl 2012.

	2013	2012	2011	2010	2009
Eigið tjónahlutfall	75,5%	75,6%	83,0%	80,3%	85,3%
Tjónahlutfall	78,7%	73,6%	82,1%	80,5%	86,1%
Rekstrarkostnaðarhlutfall	21,4%	21,6%	20,9%	21,1%	19,3%
Endurtryggingakostnaðarhlutfall	-2,3%	3,3%	3,1%	2,7%	1,8%
Samsett hlutfall	97,8%	98,5%	106,1%	104,3%	107,2%
Fjárfestingatekna hlutfall	7,3%	6,8%	5,9%	7,6%	10,8%
Hlutfall annarra tekna af váttryggingarekstri	1,0%	0,8%	0,7%	0,7%	0,6%
Rekstrarhlutfall	90,4%	91,6%	99,5%	96,3%	96,2%

28. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar, eða félög í þeirra eigu, sem hafa umtalsverð áhrif á samstæðuna, beint eða óbeint.

Tengdir aðilar eru móðurfélag, stórir hluthafar, stjórnarmenn og nefndarmenn undirnefnda stjórnar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra, sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir samstæðunni, s.s. hlutdeildarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Gerð er grein fyrir launum og hlunnindum stjórnenda í skýringu 9.

Viðskipti við tengda aðila og stöður í efnahagsreikningi greinast þannig:

2013	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Tengd félög	38.232	33.906	27.460	0
Stjórn og lykilstarfsmenn	3.657	2.523	838	0
	41.890	36.429	28.298	0

2012	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Tengd félög	53.295	33.665	38.070	602.398
Stjórn og lykilstarfsmenn	2.512	1.077	352	0
	55.807	34.742	38.422	602.398

29. Ábyrgðir og önnur mál

Samstæðan hefur gert húsaleigusamninga á ýmsum stöðum á landinu. Greiðslubyrði samstæðunnar vegna húsaleigusamninga eru í árslok 2013 18 milljónir króna á mánuði og heildar skuldbindingin er 727 milljónir króna. Samningar þessir eru tímabundnir leigusamningar og gilda til 2017 - 2019.

Samkvæmt samningum þessum eru leigugreiðslur næsta árs 208 milljónir króna, á árum 2-5 eru þær 572 milljónir króna og eftir 5 ár og síðar eru þær 1 milljón króna.

Greidd leiga vegna þessara samninga á árinu 2013 var 206 milljónir króna og á árinu 2012 var hún 187 milljónir króna.

Stefna slitastjórnar SPRON

Slitastjórn SPRON höfðaði mál með stefnu á hendur VÍS þann 19. júlí 2012 þar sem m.a. er krafist riftunar á endurgreiðslu SPRON þann 31. október 2008 á peningamarkaðsláni sem VÍS veitti SPRON í september 2008. Félagið skilaði greinargerð í málinu þann 15. janúar 2013 og er það í þinglegri meðferð hjá Héraðsdómi Reykjavíkur. Fjárhæð kröfunnar frá slitastjórn SPRON nemur 2 milljörðum króna auk dráttarvaxta. Óvíst er hvenær dómsniðurstaða mun liggja fyrir og kann dráttur á niðurstöðu dómstóla að hafa áhrif á endanlega fjárhæð kröfu slitastjórnar SPRON þar sem ekki er ljóst hvort og þá fyrir hvaða tímabil dráttarvextir reiknast ef kemur til þess að dómur falli VÍS í óhag. Aftur á móti, miðað við dómafordæmi og ákvæði vaxtalaga má ætla að meiri líkur en minni séu á því að upphafstími dráttarvaxta myndi taka mið af því tímamarki er dómsmálið var höfðað, þ.e. frá 19. júlí 2012.

Hæstiréttur Íslands felldi þann 11. desember 2013 dóm um að málinu yrði frestað þar til fyrir liggur niðurstaða rannsóknar sérstaks saksóknara á ætlaðri skuggafjármögnun VÍS til Exista í gegnum SPRON. Ekki er unnið að rannsókn á vegum sérstaks saksóknara sem beinist að félaginu sjálfu eða núverandi eða fyrrverandi stjórnendum þess. Með þessum dómi Hæstaréttar eykst óvissa um þann tíma sem líða mun þar til málinu lýkur.

Stjórnendur félagsins telja málalíbúnað slitastjórnar byggðan á veikum grunni og telja að meiri líkur en minni séu á að félagið verði sýknað af kröfu slitastjórnarinnar. Af þeim sökum hefur ekki verið færð varúðarfærsla vegna þessa í ársreikningi samstæðunnar. Í því skyni að draga úr óvissu um áhrif ofangreinds dómsmáls á virði hlutabréfa VÍS og eiginfjárstöðu félagsins, skuldbatt Klakki ehf. sig í tengslum við hlutafjárútbod í apríl 2013 til áskriftar að B-hlutum að verðmæti allt að 3,5 milljarðar króna (án atkvæðis- og arðsréttar) komi til þess að dómsmálið falli VÍS í óhag. B-hlutirnir munu þá verða innleystir af VÍS innan 12 mánaða frá útgáfu þeirra á grunni endurheimta kröfu á hendur SPRON, söluandvirði hennar eða afhendingar kröfu til Klakka fyrir 1 kr., ef hvorugt af framangreindu liggur fyrir. Fyrir liggur bankaábyrgð að fjárhæð 3,5 milljarðar króna til tryggingar á efndum Klakka ehf. á framangreindri áskrift.

30. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Engir atburðir hafa orðið eftir lok reikningsskiladags sem krefjast lagfæringa eða breytinga á ársreikningnum.

31. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum af öllum félögum í samstæðunni. Samstæðan hefur innleitt alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, túlkanir og breytingar á samþykktum stöðlum sem Evrópusambandið hefur staðfest og hafa tekið gildi í árslok 2013 og eru viðeigandi fyrir samstæðuna. Nokkrir nýir staðlar, breytingar á stöðlum og túlkanir á þeim hafa ekki tekið gildi í árslok 2013 og hafa ekki verið notaðir við gerð þessa ársreiknings. Ekki er talið að þessar breytingar á stöðlum og túlkunum á þeim muni hafa veruleg áhrif á ársreikning félagsins þegar þær taka gildi. IFRS 13, mat á gangvirði tók gildi í upphafi árs 2013. Staðallinn setur ramma um mat á gangvirði og skýringar vegna gangvirðis þegar slíks mats er krafist eða það heimilað samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Þannig samræmir staðallinn skilgreiningu á gangvirði sem verð í venjubundnum viðskiptum með eign eða skuld á matsdegi. Skýringarákvæði eru jafnframt útvíkuð. Í ársreikningnum hefur verið tekið tillit til krafna IFRS 13, en innleiðing staðalsins hafði ekki áhrif á mat samstæðunnar á gangvirði.

31.1 Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar innifelur ársreikninga móðurfélagsins og dótturfélaga þess. Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæða hefur ákvörðunarvald um rekstur og fjárhagslega stjórn dótturfélaga.

Rekstrarniðurstaða keyptra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með yfirtökudegi eða fram að söludegi eftir því sem við á.

Í samstæðureikningnum eru birtar tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og því er viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til samræmis við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Þegar eignarhald móðurfélags á dótturfélagi er minna en 100% er færð hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Þar sem hlutdeild minnihluta nemur óverulegum fjárhæðum er hún ekki sýnd sérstaklega í ársreikningnum.

31.2 Dótturfélög

Kaup á dótturfélögum eru færð samkvæmt kaupaðferð. Samkvæmt kaupaðferð eru eignir, skuldir og eiginfjárgerningar útgefnir af samstæðunni, sem látin eru í skiptum fyrir yfirráð í keyptu félagi, metnar til gangvirðis á yfirtökudegi. Kostnaður tengdur kaupunum er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Ef kaupin fela í sér óvissa greiðslu er eignin eða skuldin sem tengist kaupunum metin á gangvirði á kaupdegi. Síðari breytingar á gangvirði slíkra eigna og skulda eru færðar til jöfnunar á kostnaði tengdum kaupunum þar sem þær uppfylla skilyrði um leiðréttingu á tímabilinu. Allar aðrar síðari breytingar á gangvirði óvissra eigna og skulda eru færðar í samræmi við viðeigandi staðla. Ekki eru færðar breytingar á óvissum greiðslum flokkuðum meðal eigin fjár.

31.3 Viðskiptavild

Viðskiptavild sem myndast við sameiningar er færð til eignar þann dag sem félagið nær yfirráðum í keyptu félagi. Viðskiptavild er mismunur á kaupverði dótturfélags og hlutdeild í hreinni eign þess eftir að eignir og skuldir hafa verið metnar til gangvirðis á yfirtökudegi. Viðskiptavild er ekki afskrifuð heldur metin árlega með tilliti til virðisrýrnunar eða oftast ef vísbendingar eru um virðisrýrnun. Við framkvæmd virðisrýrnunarprófs er viðskiptavildinni skipt niður á fjárskapandi einingar. Þær fjárskapandi einingar sem viðskiptavildinni hefur verið úthlutað á eru prófaðar með tilliti til virðisrýrnunar og ef bókfært verð er hærra en virði þeirra hefur virðisrýrnun átt sér stað. Hafi virðisrýrnun átt sér stað er viðskiptavild fyrst færð niður og síðan aðrar eignir sem tilheyra viðkomandi einingu. Óheimilt er að bakfæra áður færða virðisrýrnun viðskiptavildar á síðari tímabilum.

31.4 Viðskiptasambönd

Viðskiptasambönd sem urðu til við yfirtöku á rekstri, eru afskrifuð á áætluðum nýtingartíma eignarinnar, 10 árum.

31.5 Tekjur

Iðgjöld

Tekjufærð iðgjöld í rekstrarreikningi eru þau iðgjöld sem falla til á rekstrarárinu að viðbættum yfirfærðum iðgjöldum frá fyrra ári en að fráðregnum iðgjöldum til næsta árs sem færast sem iðgjaldaskuld. Iðgjaldaskuld í efnahagsreikningi er sá hluti iðgjalda vegna tekinnar váttryggingaáættu sem ekki er útrunninn.

Arður og vaxtatekjur

Arður af fjárfestingum er tekjufærður á þeim degi sem arðsréttur hefur stofnast.

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að samstæðan muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Virkir vextir eru sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjáreignarinnar þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar.

31.6 Gjöld af váttryggingastarfsemi

Gjaldfærð tjón í rekstrarreikningi eru tjón sem urðu á árinu ásamt endurmati tjóna vegna fyrri ára. Tjónaskuld í efnahagsreikningi er heildarfjárhæð tilkynnta óuppperðra tjóna auk tryggingafræðilegrar áætlunar fyrir orðnum en ótilkynntum tjónum.

31.7 Váttryggingasamningar

Félagið gefur út samninga sem flytja bæði váttryggingalega og fjármálalega áhættu frá viðskiptavinum til þess.

Skilgreining váttryggingasamninga

Með váttryggingasamningi tekur váttryggjandinn að sér að bæta váttryggðum fjárhagslegar afleiðingar váttrygginga-atburðar sem kveðið er á um í váttryggingaskilmálum.

Váttryggingaatburðurinn er óviss, ekki er vitað hvort hann verður eða hvenær og oftast er ekki vitað hverjar fjárhagslegar afleiðingar hans verða ef til hans kemur.

Flokkun váttrygginga

Váttryggingasamningar sem teljast til skaðatrygginga eru á sviði ábyrgðartrygginga, slysatrygginga og eignatrygginga, þar með talið sjó- og farmtryggingar.

Ábyrgðartryggingar vernda viðskiptavini félagsins gegn þeirri áhættu að valda þriðja aðila fjárhagslegu tjóni eða afleiddu tjóni vegna lögmætrar starfsemi.

Slysatryggingar bæta váttryggðum eigin skaða í samræmi við skilmála.

Eignatryggingar greiða bætur til viðskiptavina samstæðunnar vegna tjóns eða taps á eignum. Viðskiptavinir í atvinnurekstri geta einnig átt kröfu um bætur vegna tapaðs hagnaðar verði hinar tryggðu eignir fyrir tjóni, þannig að atvinnureksturinn dragist saman eða falli niður tímabundið.

Líftryggingar taka til mannlegs lífs, til dæmis dauða og þess að lifa út váttryggingartímann. Iðgjöld teljast til tekna á því tímabili sem váttryggingasamningurinn gildir og bætur eru gjaldfærðar á því tímabili sem tjónið verður.

Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka

Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka eru fjáreignir í eigu félagsins sem váttryggingataka í söfnunarlíftryggingum hafa valið og bera fjárfestingaráhættu af samkvæmt skilmálum söfnunarlíftrygginga. Líftryggingaskuld með fjárfestingaráættu líftryggingataka er skuldbinding félagsins gagnvart váttryggingatökunum að sömu fjárhæð.

Vátryggingaskuld

Samstæðan metur í lok reikningsárs hvort tilfærð vátryggingaskuld sé nægjanleg til þess að standa við áætlaðar skuldbindingar samstæðunnar vegna gerðra vátryggingasamninga með því að meta framtíðar fjárflæði vátryggingaskuldar. Allar breytingar á vátryggingaskuldinni koma fram í rekstrarreikningi. Við gerð matsins er tekið tillit til áætlana vegna allra samningsbundinna sjóðshreyfinga vegna tjóna og tjónakostnaðar.

Endurtryggingasamningar

Endurtryggingasamningar eru gerðir í þeim tilgangi að draga úr áhættu samstæðunnar. Endurtryggingasamningar eru ýmist hlutfallslegir eða bera alla áhættu fari tjónsatburður umfram fyrirfram umsamda tjónsfjárhæð.

Kröfur á endurtryggjendur vegna iðgjalda og tjóna eru færðar sem endurtryggingaeignir. Þar er um að ræða kröfur vegna hlutdeildar þeirra í tjónum samkvæmt endurtryggðum vátryggingasamningum og hlutdeild í iðgjaldaskuld. Skuldbindingar vegna endurtrygginga eru hlutdeild þeirra í iðgjöldum vegna endurtryggingasamninga sem gjaldfærð er í rekstrarreikningi við endurnýjun endurtryggingasamninga.

31.8 Erlendir gjaldmiðlar

Gengismunur er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

31.9 Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

31.10 Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti.

Tekjuskattur til greiðslu

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Skattskyldur hagnaður er að jafnaði annar en reikningshaldslegur hagnaður. Reiknaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur stafar af tímabundnum mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar þar sem tekjuskattstofn samstæðunnar er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil hennar. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna viðskiptavildar sem ekki er skattalega frádráttarbær. Frestaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Skatteign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Frestaður tekjuskattur er gjaldfærður í rekstrarreikningi nema þegar hann tengist liðum sem færðir eru beint á eigið fé en þá er hann einnig færður þar.

31.11 Rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Rekstrarfjármunir eru færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Áhöld og tæki eru færð samkvæmt kostnaðarverðsaðferð að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Afskriftaraðferð, áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið að minnsta kosti árlega.

Hagnaður eða tap vegna sölu rekstrarfjármuna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

31.12 Fjáreignir

Fjáreignir samstæðunnar skiptast í fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, fjáreignir haldið til gjalddaga og lán og kröfur. Fjáreignir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald að teknu tilliti til viðskiptakostnaðar þegar um er að ræða fjármálagerninga sem ekki eru færðir á gangvirði eftir upphaflega skráningu. Eftir upphaflega skráningu eru fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning færðar á gangvirði en fjáreignir haldið til gjalddaga og lán og kröfur eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði í samræmi við aðferð virkra vaxta.

Fjáreignir sem ætlað er að halda til gjalddaga eru færðar á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði á viðskiptadegi þegar samstæðan hefur gert samning um afhendingu eða móttöku fjáreigna innan tiltekins tíma. Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru upphaflega færðar á gangvirði.

Gangvirði er verð í venjubundnum viðskiptum með eign eða skuld á matsdegi. Nánar tiltekið er gangvirði eigna það verð sem fengist við sölu eigna en gangvirði skulda það verð sem greitt væri fyrir yfirfærslu skuldar í hefðbundnum viðskiptum markaðsaðila.

Virkir vextir

Aðferð virkra vaxta felst í því að reiknað er endurgreiðsluvirði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum og vaxtagjöldum jafnað á líftímanum. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings, eða yfir styttra tímabil ef við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi.

Vaxtatekjur eru færðar miðað við virka vexti fyrir alla fjármálagerninga aðra en þá sem skilgreindir eru sem fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning.

Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning

Fjáreignir eru flokkaðar á gangvirði gegnum rekstrarreikning þegar tilgangurinn er að hagnast á skammtímabreytingum. Sama á við um allar aðrar fjáreignir sem samstæðan skilgreinir á gangvirði gegnum rekstrarreikning.

Fjáreign, má tilgreina sem fjáreign á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- Flokkunin kemur í veg fyrir eða minnkar ósamræmi í mati eða skráningu.
- Fjáreignin er hluti af safni fjáreigna eða fjárskulda eða hvoru tveggja og er metin á gangvirði í samræmi við skráða stefnu samstæðunnar við áhættustýringu eða fjárfestingastefnu.
- Fjáreignin er hluti af samningi sem felur í sér eina eða fleiri samsetta afleiðu og heimilt er að allur samsetti fjármálagerningurinn (eign eða skuld) sé færður á gangvirði gegnum rekstrarreikning.

Fjárfestingar til gjalddaga

Fjáreignir eru flokkaðar sem fjárfestingar til gjalddaga þegar samstæðan á fjárfestingar, t.d. skuldabréf, og hefur fyrirætlanir og getu til að eiga til gjalddaga. Fjárfestingar til gjalddaga eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

Lán og kröfur

Viðskiptakröfur, lán og aðrar kröfur sem hafa fastar greiðslur og eru ekki skráðar á virkum markaði eru flokkuð sem lán og kröfur. Lán og kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta að frádreginni virðisrýrnun. Vaxtatekjur af lánum og kröfum eru færðar miðað við virka vexti.

Virðisrýrnun fjáreigna

Á reikningsskiladegi er bókfært verð fjáreigna, annarra en fjáreigna á gangvirði gegnum rekstrarreikning, metið í þeim tilgangi að kanna hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun. Virðisrýrnun hefur orðið ef vænt framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti er lægra en bókfært verð. Ef virðisrýrnun á ekki lengur við er hún bakfærð, þó aldrei umfram áður færða lækkun.

Eignasafn fjáreigna er metið til virðisrýrnunar ef einstakar eignir eru þess eðlis að þær verði ekki metnar hver fyrir sig.

Áður gjaldfærð virðisrýrnun eiginfjárgerninga er ekki bakfærð í rekstrarreikning. Hækkun á gangvirði eftir að virðisrýrnun hefur verið gjaldfærð er færð á meðal eigin fjár.

Á hverjum uppgjörssdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna sem ekki eru færðar á gangvirði gegnum rekstrarreikning. Fjáreign telst hafa rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að atburður hafi átt sér stað, eftir upphaflega skráningu eignarinnar, sem leiðir til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af eigninni verði lægra en áður var talið og hægt er að meta áhrif atburðarins með áreiðanlegum hætti.

Við mat á virðisrýrnun einstakra flokka fjáreigna styðst félagið við sögulega reynslu af slíkum eignum, þá dagsetningu sem hægt væri að endurheimta tapið og fjárhæð taps, með tilliti til mats stjórnenda á hvort núverandi efnahags- og lánasamstæður leiði til að tapið verði í raun hærra eða lægra en söguleg reynsla segir til um.

Afskráning fjáreigna

Samstæðan afskráir fjáreignir aðeins þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhættan eða ávinningurinn af fjáreigninni flyst yfir á annan aðila.

31.13 Virðisrýrnun

Á reikningsskiladegi fara stjórnendur yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna í þeim tilgangi að kanna hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun. Sé slík vísbending til staðar er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Endurheimtanlegt virði fjárskapandi einingar sem eignin fellur undir er metið þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarfjárstreymi sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta þar sem vextirnir endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

Óefnislegar eignir með óskilgreindan endingartíma og óefnislegar eignir sem eru ekki tilbúnar til notkunar eru á hverju ári prófaðar með tilliti til virðisrýrnunar og oftast ef vísbending er um virðisrýrnun.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er virði hennar fært niður í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur en þó aldrei umfram bókfært verð fyrir virðisrýrnun. Bakfærsla virðisrýrnunar færist í rekstrarreikning. Ekki er heimilt að bakfæra virðisrýrnun viðskiptavildar.

31.14 Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar samstæðan ber lagalega eða ætlaða skuldbindingu vegna liðinna atburða, líklegt er talið að til greiðslu komi og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Fjárhæð skuldbindingar er byggð á besta mögulega mati á skuldinni sem er fyrirbyggjandi á reikningsskiladegi. Ef skuldbindingin er metin út frá áætluðu framtíðarsjóðstreymi er hún færð miðað við núvirt áætlað sjóðstreymi.

Þegar virði skuldbindingarinnar er endurheimtanlegt frá þriðja aðila er fjárhæð hennar færð til eignar.

31.15 Fjárskuldir og eiginfjárgerningar

Flokkun í skuldir og eigið fé

Skuldir og eiginfjárgerningar eru flokkaðir sem fjárskuldir eða eigið fé, eftir eðli samnings.

Eiginfjárgerningur er hvers konar samningur sem felur í sér eftirstæða hagsmuni í eignum félags eftir að allar skuldir hans hafa verið dregnar frá.

Ábyrgðarskuldbindingar

Ábyrgðarskuldbindingar vegna fjárskulda eru upphaflega færðar á gangvirði. Við síðara mat eru aðrar ábyrgðarskuldbindingar, en þær sem flokkaðar eru á gangvirði gegnum rekstrarreikning, færðar við því sem hærra reynist:

- Fjárhæð undirliggjandi skuldar sem metin er í samræmi við IAS 37 - Skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir.
- Fjárhæð upphaflegs samnings að fráðregnum uppsöfnuðum afskriftum í samræmi við reglur um skráningu tekna.

Fjárskuldir

Fjárskuldir samstæðunnar samanstanda af viðskiptaskuldum og öðrum skuldum. Fjárskuldir eru upphaflega færðar á gangvirði að fráðregnum viðskiptakostnaði og eru felldar út úr ársreikningi ef skuldbindingar samstæðunnar sem skilgreindar eru í samningi eru greiddar, falla úr gildi, er vísað frá eða þeim er aflétt.

32. Ársfjórðungayfirlit (óendurskoðað)

	Samtals 2013	1F2013	2F2013	3F2013	4F2013
Iðgjöld tímabilsins	16.090.039	4.024.493	3.946.406	4.058.015	4.061.125
Eigin iðgjöld	15.447.269	3.877.660	3.774.860	3.888.610	3.906.139
Fjárfestingatekjur	2.630.729	975.890	398.274	1.082.663	173.902
Aðrar tekjur	154.782	34.116	46.758	33.639	40.269
Heildartekjur	18.232.781	4.887.666	4.219.892	5.004.912	4.120.310
Tjón tímabilsins	(12.667.260)	(3.037.960)	(2.798.874)	(2.897.967)	(3.932.459)
Eigin tjón	(11.662.627)	(3.020.704)	(2.763.851)	(2.868.117)	(3.009.955)
Rekstrarkostnaður	(3.934.148)	(999.412)	(978.392)	(932.571)	(1.023.774)
Virðisrýrnun viðskiptakrafna og vaxtagjöld	(80.228)	(38.394)	(21.823)	(19.660)	(351)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	2.555.778	829.157	455.826	1.184.564	86.230
Tekjuskattur	(401.732)	(118.178)	(72.381)	(235.773)	24.600
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	2.154.046	710.978	383.445	948.791	110.831
Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta	0	0	0	0	0
Heildarhagnaður tímabilsins	2.154.046	710.979	383.445	948.791	110.830

32. Ársfjórðungayfirlit (óendurskoðað frh)

	Samtals 2012	1F2012	2F2012	3F2012	4F2012
Iðgjöld tímabilsins	16.460.206	3.770.405	4.146.043	4.211.187	4.332.571
Eigin iðgjöld	15.871.106	3.652.860	3.999.881	4.054.743	4.163.622
Fjárfestingatekjur	3.935.851	858.275	361.401	1.141.856	1.574.319
Aðrar tekjur	131.549	34.643	21.647	29.571	45.688
Heildartekjur	19.938.505	4.545.778	4.382.928	5.226.170	5.783.629
Tjón tímabilsins	(12.112.848)	(2.811.441)	(2.906.112)	(3.159.972)	(3.235.323)
Eigin tjón	(12.067.092)	(2.978.458)	(2.854.409)	(3.071.942)	(3.162.283)
Rekstrarkostnaður	(4.044.179)	(856.179)	(983.787)	(988.339)	(1.215.874)
Virðisrýrnun viðskiptakrafna og vaxtagjöld	(145.070)	(25.116)	(53.799)	(24.225)	(41.930)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	3.682.164	686.026	490.933	1.141.664	1.363.542
Tekjuskattur	(950.013)	(110.971)	(99.140)	(423.945)	(315.957)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	2.732.151	575.055	391.793	717.719	1.047.585
Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta	292.635	14.110	12.425	34.505	231.595
Heildarhagnaður tímabilsins	3.024.786	589.165	404.218	752.224	1.279.180

33. Lykilhlutföll (óendurskoðað)

	Samtals 2013	1F2013	2F2013	3F2013	4F2013
Tjónahlutfall	78,7%	75,5%	70,9%	71,4%	96,8%
Eigið tjónahlutfall	75,5%	77,9%	73,2%	73,8%	77,1%
Kostnaðarhlutfall	21,4%	21,7%	21,7%	20,1%	22,0%
Endurtr. kostnaðarhlutfall	-2,3%	3,2%	3,5%	3,4%	-18,9%
Samsett hlutfall	97,8%	100,4%	96,1%	94,9%	100,0%
Gjaldþolshlutfall samstæðu	3,7	3,9	4,0	4,2	3,7
Gjaldþolshlutfall móðurfélags	4,8	5,1	5,2	5,4	4,8

	Samtals 2012	1F2012	2F2012	3F2012	4F2012
Tjónahlutfall	73,6%	74,6%	70,1%	75,1%	74,7%
Eigið tjónahlutfall	76,0%	81,5%	71,4%	75,8%	76,0%
Kostnaðarhlutfall	21,6%	20,3%	21,2%	20,1%	24,5%
Endurtr. kostnaðarhlutfall	3,3%	7,5%	2,3%	1,6%	2,2%
Samsett hlutfall	98,5%	102,4%	93,6%	96,8%	101,4%
Gjaldþolshlutfall samstæðu	3,8	3,6	3,1	3,4	3,8
Gjaldþolshlutfall móðurfélags	4,9	4,0	4,1	4,3	4,9

34. Þróun tjónaskuldar (óendurskoðað)

Taflan sýnir mat samstæðunnar á endanlegri fjárhæð tjóna hvers tjónsárs og hvernig það mat hefur þróast milli ára. Þróun milli ára gefur til kynna hæfni samstæðunnar til að ákvarða skuldbindingar sínar vegna váttryggingasamninga. Hafa ber í huga að fjárhæðir eru ekki færðar til fasts verðlags og því hafa verðlagsbreytingar nokkur áhrif á þróun milli ára. Í neðri töflunni, tjón í eigin hlut, hefur hlutur endurtryggjenda verið dreginn frá þeim fjárhæðum sem birtar eru í efri töflunni.

Heildarfjárhæðir í millj. kr.

Mat á endanlegum tjónakostnaði	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	Samtals
Í lok tjónsárs	7.090	7.659	9.091	11.158	11.730	12.150	12.966	14.117	12.644	12.278	
einu ári síðar	7.423	7.899	9.145	11.310	12.655	12.330	12.168	14.390	13.945		
tveimur árum síðar	7.578	7.822	9.386	11.585	12.561	12.733	12.091	13.914			
þremur árum síðar	7.280	7.890	9.151	11.159	12.201	12.335	11.764				
fjórum árum síðar	6.580	7.374	9.009	11.074	12.172	12.221					
fimm árum síðar	6.516	7.241	9.074	11.091	12.206						
sex árum síðar	6.416	7.207	9.048	11.109							
sjö árum síðar	6.402	7.257	9.117								
átta árum síðar	6.419	7.222									
níu árum síðar	6.419										
Mat á uppsöfnuðum tjónum í árslok 2013	6.419	7.222	9.117	11.109	12.206	12.221	11.764	13.914	13.945	12.278	
Uppsafnaðar greiðslur í árslok 2013	6.320	7.040	8.764	10.651	11.588	11.546	10.419	10.265	7.323	4.748	
Tjónaskuld í árslok 2013	100	182	352	458	618	676	1.346	3.649	6.622	7.531	21.533
Tjónaskuld vegna fyrri ára											176
Tjónaskuld samtals											21.710

Tjón í eigin hlut í millj. kr.

Mat á endanlegum tjónakostnaði	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	Samtals
Í lok tjónsárs	6.530	7.166	8.381	10.828	11.605	12.064	12.676	13.941	12.359	12.145	
einu ári síðar	6.817	7.332	8.448	10.898	12.468	12.209	11.958	14.205	12.820		
tveimur árum síðar	6.943	7.293	8.640	11.191	12.384	12.618	11.842	13.731			
þremur árum síðar	6.667	7.336	8.352	10.776	12.033	12.221	11.526				
fjórum árum síðar	5.965	6.818	8.187	10.693	11.999	12.107					
fimm árum síðar	5.890	6.680	8.285	10.709	12.034						
sex árum síðar	5.790	6.646	8.259	10.719							
sjö árum síðar	5.776	6.696	8.289								
átta árum síðar	5.793	6.666									
níu árum síðar	5.793										
Mat á uppsöfnuðum tjónum í árslok 2013	5.793	6.666	8.289	10.719	12.034	12.107	11.526	13.731	12.820	12.145	
Uppsafnaðar greiðslur í árslok 2013	5.694	6.484	8.012	10.281	11.419	11.433	10.259	10.151	7.187	4.655	
Tjónaskuld í árslok 2013	100	182	277	438	615	673	1.267	3.580	5.633	7.490	20.255
Tjónaskuld vegna fyrri ára											157
Tjónaskuld samtals											20.412

Tjón í hlut í endurtryggjenda

Greitt + tjónaskuld	626	556	827	391	172	115	238	183	1.125	134	
Greitt	626	556	752	371	169	112	160	114	136	93	
Tjónaskuld	0	0	75	20	4	2	78	69	989	41	1.279
Tjónaskuld vegna fyrri ára											19
Tjónaskuld samtals											1.298

Orðskýringar

Arðsemi eigin fjár

Bókfærð iðgjöld

Eigið fé

Eigið tjónahlutfall

Eigin iðgjöld

Eigin tjón

Eigin váttryggingaskuld

Eiginfjárlutfall

Endurtryggingaeignir

Endurtryggingakostnaðarlutfall

Endurtryggingakostnaður

Fjárfestingatekjur af váttryggingarekstri

Gjaldþol

Gjaldþolshlutfall

Handbært fé

Iðgjaldaskuld

Iðgjöld ársins

Kostnaðarlutfall

Lágmarks gjaldþol

Óráðstafað eigið fé

Rekstrarhlutfall

Rekstrarkostnaðarlutfall

Samsett hlutfall

Tjón ársins

Tjónahlutfall

Tjónaskuld

Váttryggingaskuld

Hagnaður sem hlutfall af meðalstöðu eigin fjár

Útgefin iðgjöld á árinu

Eignir umfram skuldir

Eigin tjón á móti eigin iðgjöldum

Iðgjöld ársins að frádregnum hluta endurtryggjenda

Tjón ársins að frádregnum hluta endurtryggjenda

Váttryggingaskuld að frádregnum hluta endurtryggjenda

Eigið fé á móti heildar eignum

Hlutur endurtryggjenda í tjónaskuld og iðgjaldaskuld ásamt kröfum vegna endurtryggingastarfsemi

Kostnaður vegna endurtrygginga sem hlutfall af iðgjöldum ársins

Iðgjöld til endurtryggjenda að frádregnum hluta endurtryggjenda

í tjónum og fengnum umboðslaunum frá endurtryggjendum

Reiknuð ávöxtun af eigin váttryggingaskuld

Eigið fé að frádregnum væntanlegum arðgreiðslum, óefnislegum eignum og fyrirsjáanlegri rýrnun eigin fjár

Gjaldþol sem hlutfall af lágmarksgjaldþoli

Sjóður og óbundnar bankainnstæður

Iðgjöld vegna áhættu sem ekki er útrunnin

Iðgjöld vegna áhættu sem tilheyrir uppgjörssárinu

Kostnaður sem hlutfall af iðgjöldum ársins

Lágmarkskröfur um gjaldþol skv. lögum um váttryggingastarfsemi

Uppsafnaður óráðstafaður hagnaður fyrri ára

Tjón, endurtryggingakostnaður og rekstrarkostnaður vegna váttryggingastarfsemi, sem hlutfall af iðgjöldum ársins að viðbættum fjárfestingatekjum af váttryggingarekstri

Rekstrarkostnaður sem hlutfall af iðgjöldum ársins

Tjón, endurtryggingakostnaður og rekstrarkostnaður vegna váttryggingastarfsemi, sem hlutfall af iðgjöldum ársins

Greidd tjón að viðbætti breytingu á tjónaskuld

Tjón ársins á móti iðgjöldum ársins

Áætluð ógreidd tjón í lok uppgjörstímabils

Heildarskuldbindingar vegna gerðra váttryggingasamninga, þ.e. tjónaskuld ásamt iðgjaldaskuld

Efnisyfirlit

Lykiltölur úr rekstri	3
Ávarp stjórnarformanns	4
Ávarp forstjóra	5
VÍS árið 2013 - Tímalína	6
Framkvæmdastjórn	8
Reksturinn	10
Afkoma vátryggingagreina	11
Fjárfestingar	12
Efnahagsumhverfið	13
Skráning á markað	14
Starfsemin	15
Samfélagsábyrgð VÍS	21
Stjórnarháttayfirlýsing	28
Ársreikningur 2013	37
Skýrsla stjórnar og forstjóra	38
Áritun óháðs endurskoðanda	39
Rekstrarreikningur	40
Efnahagsreikningur	41
Eiginfjáryfirlit	42
Sjóðstreymisyfirlit	43
Skýringar	44
Orðskýringar	73